

Vífill Karlsson

Hagvísir Vesturlands

Búferlaflutningar á Vesturlandi:

Uppruni nýrra íbúa og áfangastaður þeirra sem flytja brott, vægi flutningsjafnaðar og hreyfanleiki íbúanna.

Skýrsla nr. 1 2022

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi



EFNISYFIRLIT

Myndir.....	1
Töflur.....	2
1 Samandregnar niðurstöður.....	4
2 Inngangur.....	9
3 Aðferðir og gögn.....	10
3.1 Uppruni nýrra íbúa og áfangastaður þeirra sem flytja.....	10
3.2 Vægi flutningsjafnaðar og hreyfanleiki íbúanna.....	11
3.3 Atvinnusaga.....	12
3.4 Tölfræðilegt yfirlit gagnanna.....	12
4 Greining.....	16
4.1 Vesturland og aðrir landshlutar á Íslandi.....	16
4.2 Sveitarfélög á Vesturlandi.....	19
4.2.1 Akraneskaupstaður.....	19
4.2.2 Skorradalshreppur.....	25
4.2.3 Hvalfjarðarsveit.....	27
4.2.4 Borgarbyggð.....	30
4.2.5 Eyja- og Miklaholtshreppur.....	33
4.2.6 Grundarfjarðarbær.....	35
4.2.7 Helgafellssveit.....	39
4.2.8 Stykkishólmsbær.....	41
4.2.9 Snæfellsbær.....	44
4.2.10 Dalabyggð.....	47
5 Viðauki.....	51
5.1 Akraneskaupstaður.....	51
5.2 Skorradalshreppur.....	51
5.3 Hvalfjarðarsveit.....	52
5.4 Borgarbyggð.....	52

5.5	Eyja- og Miklaholtshreppur.....	53
5.6	Grundarfjarðarbær	53
5.7	Helgafellssveit.....	54
5.8	Stykkishólmsbær	54
5.9	Snæfellsbær	55
5.10	Dalabyggð	55
	Heimildaskrá	56

MYNDIR

Mynd 1:	Flutningsjöfnuður Vesturlands gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.	10
Mynd 2:	Vægi flutningsjafnaðar og hreyfanleiki íbúanna á Vesturlandi 1986-2021.....	11
Mynd 3:	Vægi flutningsjafnaðar eftir landshlutum 1986-2021.....	16
Mynd 4:	Vægi flutningsjafnaðar eftir landshlutum seinni part 20. aldarinnar og byrjun 21.....	17
Mynd 5:	Hreyfanleiki íbúanna, taldir í aðfluttum, eftir landshlutum 1986-2021.....	18
Mynd 6:	Hreyfanleiki íbúanna, taldir í brottfluttum, eftir landshlutum 1986-2021.	18
Mynd 7:	Flutningsjöfnuður Akraneskaupstaðar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.....	19
Mynd 8:	Vægi flutningsjafnaðar og hreyfanleiki íbúanna í Akraneskaupstað 1986-2021.....	21
Mynd 9:	Meðalfjöldi starfsmanna (ársverk) hjá völdum fyrirtækjum á Akranesi.....	22
Mynd 10:	Landvinnsla og fjöldi báta í Akraneskaupstað.....	23
Mynd 11:	Flutningsjöfnuður Skorradalshrepps gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.....	25
Mynd 12:	Vægi flutningsjafnaðar og hreyfanleiki íbúanna í Skorradalshreppi 1986-2021.....	26
Mynd 13:	Fjöldi sumarhúsa í Skorradalshreppi 2005-2022.	26
Mynd 14:	Flutningsjöfnuður Hvalfjarðarsveitar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.	28
Mynd 15:	Vægi flutningsjafnaðar og hreyfanleiki íbúanna í Hvalfjarðarsveit 1986-2021.	28
Mynd 16:	Meðalfjöldi starfsmanna (ársverk) hjá völdum fyrirtækjum í Hvalfjarðarsveit.....	29
Mynd 17:	Flutningsjöfnuður Borgarbyggðar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.	30
Mynd 18:	Vægi flutningsjafnaðar og hreyfanleiki íbúanna í Borgarbyggð 1986-2021.....	31
Mynd 19:	Meðalfjöldi starfsmanna (ársverk) hjá völdum fyrirtækjum í Borgarbyggð.....	32
Mynd 20:	Flutningsjöfnuður Eyja- og Miklaholtshrepps gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.	34
Mynd 21:	Vægi flutningsjafnaðar og hreyfanleiki íbúanna í Eyja- og Miklaholtshreppi 1986-2021...	34
Mynd 22:	Flutningsjöfnuður Grundarfjarðarbæjar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.	35

Mynd 23: Vægi flutningsjafnaðar og hreyfanleiki íbúanna í Grundarfjarðarbæ 1986-2021.....	36
Mynd 24: Landvinnsla og fjöldi báta í Grundarfjarðarbæ.....	37
Mynd 25: Meðalfjöldi starfsmanna (ársverk) hjá völdum fyrirtækjum í Grundarfjarðarbæ.	38
Mynd 26: Flutningsjöfnuður Helgafellssveitar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.	40
Mynd 27: Vægi flutningsjafnaðar og hreyfanleiki íbúanna í Helgafellssveit 1986-2021.	40
Mynd 28: Flutningsjöfnuður Stykkishólmsbæjar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.....	41
Mynd 29: Vægi heildarflutningsjafnaðar og hreyfanleiki íbúanna í Stykkishólmsbæ 1986-2021.....	42
Mynd 30: Meðalfjöldi starfsmanna (ársverk) hjá völdum fyrirtækjum í Stykkishólmsbæ.	43
Mynd 31: Landvinnsla og fjöldi báta í Stykkishólmsbæ.....	43
Mynd 32: Flutningsjöfnuður Snæfellsbæjar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.....	44
Mynd 33: Vægi flutningsjafnaðar og hreyfanleiki íbúanna í Snæfellsbæ 1986-2021.....	45
Mynd 34: Meðalfjöldi starfsmanna (ársverk) hjá völdum fyrirtækjum í Snæfellsbæ.	46
Mynd 35: Landvinnsla og fjöldi báta í Snæfellsbæ.....	47
Mynd 36: Flutningsjöfnuður Dalabyggðar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.....	48
Mynd 37: Vægi flutningsjafnaðar og hreyfanleiki íbúanna í Dalabyggð 1986-2021.....	49
Mynd 38: Meðalfjöldi starfsmanna (ársverk) hjá völdum fyrirtækjum í Dalabyggð.	49
Mynd 39: Flutningsjöfnuður Akraneskaupstaðar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.....	51
Mynd 40: Flutningsjöfnuður Skorradalshrepps gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.....	51
Mynd 41: Flutningsjöfnuður Hvalfjarðarsveitar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.	52
Mynd 42: Flutningsjöfnuður Borgarbyggðar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.	52
Mynd 43: Flutningsjöfnuður Eyja- og Miklaholtshrepps gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.	53
Mynd 44: Flutningsjöfnuður Grundarfjarðarbæjar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.	53
Mynd 45: Flutningsjöfnuður Helgafellssveitar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.	54
Mynd 46: Flutningsjöfnuður Stykkishólmsbæjar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.....	54
Mynd 47: Flutningsjöfnuður Snæfellsbæjar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.....	55
Mynd 48: Flutningsjöfnuður Dalabyggðar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.....	55

TÖFLUR

Tafla 1: Vægi heildarflutningsjafnaðar sveitarfélaga á Vesturlandi 1986-2021	12
Tafla 2: Vægi flutningsjafnaðar landshluta 1986-2021.....	13
Tafla 3: Aðfluttir sem hlutfall af íbúum sveitarfélaga á Vesturlandi 1986-2021	13
Tafla 4: Brottfluttir sem hlutfall af íbúum sveitarfélaga á Vesturlandi 1986-2021	14
Tafla 5: Aðfluttir sem hlutfall af íbúum landshluta 1986-2021.....	14

Tafla 6: Brottluttir sem hlutfall af íbúum landshluta 1986-2021	14
Tafla 7: Álagning A-flokks fasteignaskatts í sumarhúsaríkustu sveitarfélögum 2020	27
Tafla 8: Stöðugildi sveitarfélaga á Vesturlandi 2002-2021	37

1 SAMANDREGNAR NIÐURSTÖÐUR

Hér eru niðurstöður dregnar saman í mjög stuttu máli.

Þróunin á Vesturlandi og öðrum landshlutum:

- Samkvæmt ársmeðaltölum 1986-2021 varð flutningsjöfnuður hagfelldastur á Suðurnesjum (0,8%) og höfuðborgarsvæðinu (0,8%) en óhagfelldastur á Vestfjörðum (-1,7%) og Norðurlandi vestra (-1,1%) (Tafla 2).
- Samkvæmt leitninni lagaðist hann í öllum landshlutum eða var í jafnvægi, mest á Suðurnesjum (0,11%), Vestfjörðum og Suðurlandi (0,09%) en síst á höfuðborgarsvæðinu (0,00%) og á Norðurlandi eystra (0,05%).
- Flutningsjöfnuður á Vesturlandi var að jafnaði -0,4% á tímabilinu 1986-2021 (Tafla 2). Hann var hagstæðari á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Suðurlandi. Hins vegar lagaðist hann um 0,08% á Vesturlandi á þessu tímabili. Hann lagaðist meira á Suðurnesjum um 0,11%, 0,09% á Suðurlandi og á Vestfjörðum.
- Sveitarfélög á Vesturlandi misstu flesta íbúa samanlagt til Reykjavíkurborgar á árunum 2017-2021, samkvæmt flutningsjöfnuði viðkomandi tímabils (Mynd 1). Þá fóru næst flestir til Árborgar og Akureyrarbæjar. Áberandi breyting var frá fyrra tímabili (1986-2016) þar sem Vesturland tapaði flestum íbúum til sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eingöngu ásamt Reykjanesbæ. Nú virðast fleiri íbúar tapast til mun fjarlægari sveitarfélaga að Reykjavíkurborg undanskilinni. Vesturland fær hins vegar flesta frá útlöndum og ýmsum fjarlægum sveitarfélögum.
- Heildarflutningsjöfnuður á Vesturlandi var neikvæður á bilinu -2% til -1% af heildarfjölda íbúa á árunum fyrir opnun Hvalfjarðarganganna (Mynd 2). Eftir það má segja að hann sé yfirleitt jákvæður á þensluskeiðum alls hagkerfisins en neikvæðari þegar kreppir að. Varhugavert er þó að tengja þetta eingöngu við opnun Hvalfjarðarganganna því flutningsjöfnuðurinn hefur orðið mun hagfelldari í öllum landshlutum það sem af er 21. öldinni en síðustu 14 ár 20. aldarinnar.

Akraneskaupstaður

- Flesta hefur Akraneskaupstaður misst til Reykjavíkurborgar þegar allt tímabilið 1986-2021 er skoðað. Hins vegar komu flestir frá Reykjavíkurborg þegar bara eru skoðuð s.l. 5 ár (Mynd 7). Þarna er því um algjöran viðsnúning að ræða gagnvart Reykjavíkurborg frá því sem áður var. Sama gilti um Kópavogsbæ. Núna missir Akraneskaupstaður aðallega fólk til sveitarfélaga á jaðri höfuðborgarsvæðisins (Mosfellsbæ og Árborg) eða mun fjarlægari sveitarfélaga. Áður fyrr missti Akraneskaupstaður aðallega fólk til höfuðborgarsvæðisins.
- Áður fyrr, eða árin 1986-2016, voru fjögur sveitarfélög á Vesturlandi meðal þeirra fimm sem veittu flestum íbúum til Akraneskaupstaðar (Mynd 7). Árin 2017-2021 voru einungis tvö í þeim hópi.
- Vægi heildarflutningsjafnaðar hefur hvergi verið eins hagfelld á Vesturlandi eins og í Akraneskaupstað og þróun þess eins hagfelld og þar. Þó var hún neikvæð og sveiflukennnd 1986-

1997; Mest 1990 og 1994. Á sama tíma dróst mikið saman í sjávarútvegi, byggingariðnaði og öðrum iðnaði eins og t.a.m. fataiðnaði.

Skorradalshreppur

- Flestir íbúar hafa komið til Skorradalshrepps frá Hafnarfjarðarkaupstað (1986-2021) en frá nágrennasveitarfélögunum Borgarbyggð og Akraneskaupstað sé horft nær í tíma (2017-2021) (Mynd 11 og Mynd 40).
- Flestir íbúar fara frá Skorradalshreppi til sveitarfélaga á suðvestur horninu hvort sem horft er til lengri eða skemmri tíma (Mynd 11 og Mynd 40).
- Vægi heildarflutningsjafnaðar sveiflaðist mikið í Skorradalshreppi eins og búast mátti við í svo fámennu samfélagi (Mynd 12). Var hann mestur 17,5% árið 1986 og minnstur -20% árið 2003. Ekki verður sú þróun svo auðveldlega tengd vexti og viðgengi atvinnulífs í sveitarfélaginu eins og í öðrum sveitarfélögum.

Hvalfjarðarsveit

- Sveitarfélög á Norðurlandi voru algengust meðal þeirra fimm hverra flutningsjöfnuður Hvalfjarðarsveitar var hagstæðastur árin 1986-2016. Árin 2017-2021 voru þau aðallega af höfuðborgarsvæðinu (Mynd 14).
- Hvalfjarðarsveit tapaði flestum íbúum til Akraneskaupstaðar bæði tímabilin sem til skoðunar voru. Eðlisbreyting varð þó á milli tímabilanna. Á því fyrra voru sveitarfélög af höfuðborgarsvæðinu algeng meðal þeirra fimm sveitarfélaga sem Hvalfjarðarsveit mátti horfa á eftir flestum íbúunum til en á síðara tímabilinu voru sveitarfélög á Suðurlandi og Austurlandi þrjú af þeim fimm (Mynd 11 og Mynd 40).
- Heildarflutningsjöfnuður Hvalfjarðarsveitar var lægstur -8,4% árið 2008 (Mynd 15, t.v.). Þá tapaði sveitarfélagið 8,4% af íbúum sínum vegna brottflutnings eftir að fjöldi aðfluttra hafði verið dreginn frá. Hæstur var hann hins vegar 6,5% árið 2021. Hann var hins vegar neikvæður upp á hálf prósent að jafnaði árlega allt tímabilið en fór hækkandi (Tafla 1). Þróun heildarflutningsjafnaðar Hvalfjarðarsveitar og atvinnulífs í sveitarfélaginu er ekki með öllu eins augljós eins og í öðrum sveitarfélögum.

Borgarbyggð

- Í Borgarbyggð komu flestir aðfluttir umfram brottflutta frá útlöndum árin 1986-2016, samtals 304 eða 429 aðfluttir á móti 125 brottfluttum (Mynd 17, t.v.). Síðan var það fólk úr Dalabyggð, Norðurþingi, Eyja- og Miklaholtshreppi, Vesturbyggð og Múlaþingi. Sveitarfélagið missti hins vegar flesta til höfuðborgarsvæðisins, Akraness og Akureyrar.
- Á nýliðnu fimm ára tímabili var staðan svipuð hvað þetta snerti, nema að Sveitarfélagið Árborg var meðal þeirra fimm sveitarfélaga sem Borgarbyggð missti flesta íbúa til (Mynd 17, t.h.). Þá voru útlönd farin að skaffa nýja íbúa af innlendum uppruna. Athyglisvert var að sjá fleiri sveitarfélög af Vesturlandi en Dalabyggð meðal þeirra fimm sem Borgarbyggð var með hagstæðastan flutningsjöfnuð gagnvart árin 2017-2021.

Eyja- og Miklaholtshreppur

- Eyja- og Miklaholtshreppur tapaði flestum íbúum til Reykjavíkurborgar og Borgarbyggðar á tímabilinu 1986-2016 (Mynd 20, t.v.). Flestir komu íbúarnir frá útlöndum eins og Hafnarfjarðarkaupstað líkt og var hjá Skorradalshreppi. Ekki er vitað hvort það er tilviljun eða eitthvað reglubundið mynstur.
- Á seinna tímabilinu var margt líkt fyrra tímabilinu nema að Reykjavíkurborg og Akraneskaupstaður fóru úr hópi þeirra fimm sveitarfélaga sem drógu flesta íbúa úr hreppnum í hóp þeirra fimm sveitarfélaga sem sköfðu flesta (Mynd 20, t.h.). Þegar flutningsjöfnuður var skoðaður gagnvart útlöndum þá voru innflytjendur stærsti hópurinn sem kom til sveitarfélagsins á seinna tímabilinu eins og á því fyrra. Hins vegar voru íslenskir ríkisborgarar á leið til útlanda stærsti hópurinn sem sveitarfélagið missti frá sér ásamt þeim sem fluttu til Stykkishólmsbæjar og Borgarbyggðar.
- Heildarflutningsjöfnuður Eyja- og Miklaholtshrepps var lægstur -15,1% af íbúafjölda sveitarfélagsins árið 2021 (Mynd 21, t.v.). Íbúum hreppsins fjölgaði hins vegar mest um 13,5% árið 2008.
- Að jafnaði var heildarflutningsjöfnuður Eyja og Miklaholtshrepps -2,7% af heildaríbúafjölda árin 1986-2021 sem er lang lægsta gildið á Vesturlandi og lang óheppilegasta útkoman sé eingöngu horft til þess. Þróunin var samt lítið eitt jákvæð þegar stuðst er við leitnina (Tafla 1).

Grundarfjarðarbær

- Grundarfjarðarbær tapaði flestum íbúum til sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu árin 1986-2016, einkum til Reykjavíkurborgar (Mynd 22, t.v.). Reykjanesbær var líka á meðal þeirra fimm sveitarfélaga sem höfðu mest aðdráttarafl á íbúa Grundarfjarðarbæjar. Flestir komu íbúarnir frá útlöndum til Grundarfjarðarbæjar á viðkomandi tímabili. Tvö sveitarfélög á Vestfjörðum voru meðal þeirra fimm sem sköfðu flesta íbúa til Grundarfjarðar, eitt af Norðurlandi vestra, eitt af Austfjörðum og eitt af Vesturlandi.
- Á seinna tímabilinu héldu sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu áfram að skipa sér í raðir þeirra fimm sem drógu til sín flesta íbúana frá Grundarfjarðarbæ ásamt Reykjanesbæ en Akureyrarbær gerði sig að þessu sinni gildandi í þeim hópi (Mynd 22, t.h.). Flestir komu íbúarnir frá útlöndum og Vesturbyggð sem fyrr en Stykkishólmsbær, Árborg, Eyja- og Miklaholtshreppur ásamt Fjallabyggð bættust í hóp þeirra fimm sveitarfélaga sem flestir nýir íbúar Grundarfjarðarbæjar komu frá.
- Heildarflutningsjöfnuður Grundarfjarðarbæjar var lægstur -4,9% af íbúafjölda sveitarfélagsins árið 2013 (Mynd 23, t.v.).
- Jákvæðastur var heildarflutningsjöfnuðurinn hins vegar 3,6% árið 1987 og 1993. Eftir aldamótin var hann hagstæðastur 2,6% árið 2005 og 2,2% árið 2014. Árið 2021 var hann -3,1% (Mynd 23, t.v.).

Helgafellssveit

- Helgafellssveit tapaði flestum íbúum til Stykkishólmsbæjar þegar horft var til sveitarfélaga á Íslandi árin 1986-2016 (Mynd 26, t.v.). Annars voru þetta sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu ásamt Reykjanesbæ þegar horft var til þeirra fimm atkvæðamestu.

- Árin 2017-2021 komu flestir nýir íbúar Helgafellssveitar frá Stykkishólmi, Garðabæ og erlendis frá. Þá var flutningsjöfnuður Helgafellssveitar nánast ekki óhagstæður gagnvart neinu sveitarfélagi (Mynd 26, t.h.).
- Heildarflutningsjöfnuður Helgafellssveitar var lægstur -17,9% af íbúafjölda sveitarfélagsins árið 1991 og reyndar jafn lágur árið 1999 (Mynd 27, t.v.). Síðan hefur flutningsjöfnuðurinn þróast á hagstæðari hátt og árið 2021 var hann hagstæðastur upp á 18,2%. Að jafnaði var hann -0,7% árin 1986-2021 en þokaðist í jákvæða átt eða um 0,26% samkvæmt leitninni.

Stykkishólmsbær

- Stykkishólmsbær fékk flesta nýja íbúa frá Helgafellssveit, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppi, Grundarfjarðarbæ og Vesturbyggð árin 1986-2016, þegar horft var til sveitarfélaga á Íslandi (Mynd 28, t.v.). Hann tapaði hins vegar flestum til þriggja sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og tveggja á Vesturlandi.
- Í seinni tíð (2017-2021) komu flestir nýir íbúar Stykkishólms frá útlöndum en líka frá Eyja- og Miklaholtshreppi, Snæfellsbæ, Vesturbyggð, Seltjarnarnesbæ og Skútustaðahreppi (Mynd 28, t.v.). Flestum íbúum tapaði sveitarfélagið til Árborgar, Reykjavíkurborgar, Helgafellssveitar, Akureyrarbæjar og Mosfellsbæjar.
- Heildarflutningsjöfnuður Stykkishólmsbæjar var lægstur -6,8% af íbúafjölda sveitarfélagsins árið 2003 (Mynd 29, t.v.). Jákvæðastur var flutningsjöfnuðurinn 4,8% árið 2016. Meðaltal heildarflutningsjafnaðar var -0,8% en samkvæmt leitninni (0,07%) hækkaði hann og lagaðist þar með.
- Stykkishólmsbær er eina sveitarfélagið á Vesturlandi þar sem bæði fiskiskipum hefur fjölgað og vinnsla botnfisktegunda hefur aukist þegar til langs tíma er litið.
- Brotið upp eftir höfnum landsins, þá var fjöldi fiskiskipa hvergi meiri á landinu en í Stykkishólmi árið 2021.

Snæfellsbær

- Snæfellsbær missti flesta íbúa til sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu árin 1986-2016 og skar Reykjavíkurborg sig sérstaklega úr öðrum (Mynd 32, t.v.). Erlendir ríkisborgarar beint frá útlöndum voru lang stærsti hópur þeirra sem fluttu til Snæfellsbæjar á tímabilinu þegar stuðst var við flutningsjöfnuð.
- Lítið hafði breyst árin 2017-2021 í því hvaða sveitarfélög Snæfellsbær hafði hagstæðastan og óhagstæðastan flutningsjöfnuð gagnvart (Mynd 32, t.h.). Það helsta var að Reykjavíkurborg var ekki eins afgerandi aðdráttarafl þó svo hún væri ennþá það sveitarfélag sem laðaði flesta til sín frá Snæfellsbæ. Ennþá komu nýir íbúar víða að af landinu þegar horft var til fimm atkvæðamestu sveitarfélaganna að því leyti.
- Heildarflutningsjöfnuður Snæfellsbæjar var lægstur -6,3% af íbúafjölda sveitarfélagsins árið 1992 (Mynd 33, t.v.). Samkvæmt meðaltölum var heildarflutningsjöfnuður Snæfellsbæjar -1,6% sem var með því hæsta á Vesturlandi en fór batnandi, en leitnin bendir til að hún hafi lagast á árunum 1986-2021 (Tafla 1).

Dalabyggð

- Þrjú sveitarfélög á Vesturlandi voru í hópi þeirra fimm sveitarfélaga sem löðuðu flesta íbúa frá Dalabyggð árin 1986-2016 (Mynd 36, t.v.). Reykjavíkurborg var þó atkvæðamest að þessu leyti og Kópavogsbær kom þar næstur á eftir. Dalabyggð hafði hagstæðastan flutningsjöfnuð gagnvart útlöndum (fólk af erlendum uppruna) á þessu tímabili en einnig gagnvart Mosfellsbæ og Rangárþingi eystra, öðru sveitarfélagi af Suðurlandi og tveimur af Ströndum – nokkuð landbúnaðartengt.
- Athygli vekur að Reykjavíkurborg eða önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu voru ekki lengur í tveimur efstu sætum þeirra sveitarfélaga sem löðuðu flesta frá Dalabyggð árin 2017-2021 (Mynd 36, t.h.). Þegar horft var til þeirra fimm sveitarfélaga sem sköffuðu hvað flesta íbúa til Dalabyggðar þá voru þau almennt fjölmennari en á fyrra tímabilinu og voru ekkert sérstaklega áberandi tengd landbúnaði eins og þá.
- Heildarflutningsjöfnuður Dalabyggðar var lægstur -6,1% af íbúafjölda sveitarfélagsins árið 2001 (Mynd 37, t.v.). Að jafnaði var heildarflutningsjöfnuðurinn -1,8% allt tímabilið og aðeins eitt annað sveitarfélag á Vesturlandi kom verr út, en leitnin bendir til að hann hafi verið að lagast (Tafla 1).

2 INNGANGUR

Fyrir rúmu ári síðan gaf SSV út Glefsu sem fjallaði um sama viðfangsefni og þessi Hagvísir. Þar kom fram að flutningsjöfnuður hafði um margt þróast með líkum hætti á Vesturlandi, Suðurnesjum og Suðurlandi. Þar voru áberandi breytingar í kringum efnahagsáfallin tvö: Fjármálakreppuna 2008 og Covid-faraldurinn 2019. Það var eins og þessir landshlutar nytu jákvæðs flutningsjafnaðar í góðæri en neikvæðs í hallæri.

Einnig virtust tvö til þrjú stærstu sveitarfélög á sunnanverðu Vesturlandi, Akraneskaupstaður, Borgarbyggð og jafnvel Hvalfjarðarsveit, fylgja hagsveiflunni betur með fyrrgreindum hætti en önnur. Fjölmennustu sveitarfélögin norðar á Vesturlandi sýndu stöðugan bata á meðan erfitt var að lesa í þróun þeirra fámennustu.

Í framhaldi vaknaði því áhugi á því að skoða hvert fólk af Vesturlandi flytur og hvaðan nýir íbúar koma.

Hér verður því spurt: *Hverjir eru helstu áfangastaðir þeirra sem flytja af Vesturlandi og hvaðan koma nýir íbúar?* Til þess að svara því verður flutningsjöfnuður sveitarfélaga á Vesturlandi brotinn upp eftir hverju og einu sveitarfélagi á landinu og svo útlöndum. Útlöndum verður svo skipt upp á milli fólks með íslenskt ríkisfang annars vegar og erlent hins vegar. *Einnig verður leitast eftir að skoða hvernig aðfluttir umfram brottflutta (flutningsjöfnuður líka) eru á Vesturlandi, að þessu sinni óháð því hvaðan þeir koma eða eru að fara, og hvernig þær tölur hafa verið að þróast s.l. 3-4 áratugina.* Í Glefsunni í fyrra var flutningjöfnuðurinn skoðaður eftir fjöldatölum en hér verður hann skoðaður sem hlutfall af heildarfjölda íbúa. Það gerir hann mun auðveldari í samanburði á milli misjafnlega fjölmennra landsvæða.


3 AÐFERÐIR OG GÖGN

Greiningin er þríþætt. Í fyrsta lagi verður reynt að varpa ljósi á megin drætti er varðar uppruna nýrra íbúa og áfangastaði þeirra sem flytja. Í öðru lagi verður vægi flutningsjafnaðar metið, óháð því hvaðan íbúarnir koma eða hvert þeir eru að fara, og þá er átt við hversu hátt hlutfall fjöldi aðfluttra umfram brottflutta er af heildarfjölda íbúa. Í þriðja lagi verður hreyfanleiki íbúanna metinn með því að skoða hversu margir flytja brott á hverju ári hlutfallslega en einnig hversu margir flytja til sveitarfélaganna.

3.1 UPPRUNI NÝRRRA ÍBÚA OG ÁFANGASTAÐUR ÞEIRRA SEM FLYTJA

Flutningsjöfnuður liggur til grundvallar þessum greiningarhluta. Flutningsjöfnuður er reiknaður sem fjöldi aðfluttra íbúa að frádregnum fjölda brottfluttra, þ.e. aðfluttir umfram brottflutta. Kafli hvers sveitarfélags hefst á að flutningsjöfnuður þess er reiknaður gagnvart hverju og einu sveitarfélagi landsins ásamt útlöndum. Útlöndum er skipt upp í tvennt; erlenda ríkisborgara og íbúa með íslenskt ríkisfang. Fyrri hlutinn er merktur sem *útlönd, erl* í myndunum og seinni hlutinn *útlönd, isl*. Í myndunum eru orðin „sveitarfélagið“ stytt í *svf*, „kaupstaður“ í *kst*. Þá er orðið „hreppur“ stundum stytt niður í *hr*.

Hvert sveitarfélag fær tvær greiningarmyndir, önnur er fyrir samtölur allt tímabilið (1986-2016) og hin er fyrir nýjasta fimm ára tímabilið sem gögnin náðu til (2017-2021). Með þessu var talið að ákveðin yfirsýn næðist yfir mögulegar breytingar í tíma (Mynd 1). Í viðauka má síðan sjá mynd fyrir allt tímabilið (1986-2021) ef áhugi er fyrir hendi.



Mynd 1: Flutningsjöfnuður Vesturlands gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.

Gögn Hagstofu Íslands. Hér voru valin þau fimm sveitarfélög þar sem flutningsjöfnuður var hagstæðastur og óhagstæðastur.

Á hverri mynd er að finna 10 sveitarfélög ásamt tvískiptri tölu fyrir útlönd. Eingöngu er að finna þau fimm sveitarfélög þar sem flutningsjöfnuður viðkomandi sveitarfélags var hagstæðastur (bláskyggðar súlur) og önnur fimm þar sem flutningsjöfnuðurinn var óhagstæðastur (rauðskyggðar súlur). Síðan er súlunum ráðað þannig að efst kemur það sveitarfélag sem viðkomandi sveitarfélag/útlönd hafði hagstæðastan flutningsjöfnuð gagnvart (nettó; þeir sem flytja til svf að frádregnum þeim sem flytja brott). Neðst er að finna það sveitarfélag sem viðkomandi sveitarfélag tapaði flestum íbúum til. Útlönd

(tvískipt) eru þarna líka sem 11. og 12. súla myndarinnar, ýmist rauðar eða bláar eftir atvikum. Til útskýringar er mynd fyrir Vesturland að finna hér (Mynd 1). Á myndinni til vinstri sjáum við að lang flestir flytja af Vesturlandi til Reykjavíkurborgar sé bara horft til flutninga innanlands. Síðan koma Kópavogsbær og Hafnarfjarðarkaupstaður í öðru og þriðja sæti. Flestir flytja hins vegar til Vesturlands úr Ísafjarðarbæ og svo koma Norðurþing og Sveitarfélagið Skagafjörður í öðru og þriðja sæti.


Tölurnar fyrir sveitarfélögin eru ekki flokkaðar eftir ríkisfangi eins og tölurnar gagnvart öðrum löndum. Þar sjáum við að útlönd eru hinn dyggasti bakhjarl Vesturlands að þessu leyti. Þaðan koma 1898 íbúar með erlent ríkisfang en Vesturland missti 673 íslenska ríkisborgara frá landinu á tímabilinu 1986-2016. Árin 2017-2021 sköfufðu útlönd bæði íbúa með íslenskt og erlent ríkisfang (975) en árin 2017, 2020 og 2021 voru fleiri íbúar með íslenskt ríkisfang sem fluttu heim en þeir sem fluttu út (ekki sýnt hér). Þessi ár fluttu áfram flestir af Vesturlandi til Reykjavíkurborgar. Athygli vekur samt að á meðal þeirra var ekki að finna nein sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, önnur en Mosfellsbæ, eins og á fyrra tímabilinu. Sveitarfélagið Árborg var hins vegar þar að finna sem og Akureyrarbæ og svo enn fjarlægara og fámennara samfélag eins og Strandabyggð, en ekki Reykjanesbæ eins og á fyrra tímabilinu. Þarna virðist vera um annað yfirbragð að ræða en á fyrra tímabilinu þar sem sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu röðuðu sér í fjögur efstu sæti þeirra sveitarfélaga sem Vesturland missti flesta til.

3.2 VÆGI FLUTNINGSJAFNAÐAR OG HREYFANLEIKI ÍBÚANNA

Reiknað er út **vægi flutningsjafnaðar** í hverju sveitarfélagi. Það er gert með því að deila heildaríbúafjölda viðkomandi sveitarfélags, I , upp í flutningsjöfnuð ($A + B$) viðkomandi sveitarfélags.

$$\dot{F} = (A + B)/I$$

Að þessu sinni er flutningsjöfnuðurinn ekki brotinn upp eftir sveitarfélögum og útlöndum eins og í fyrri greiningunni heldur er allt tekið saman. Með þessu sjáum við betur hversu mikið aðfluttir umfram brottflutta viga í hverju samfélagi, hvort sem það er fjölgun eða fækkun, og því auðveldara að bera saman umfang þess á milli misjafnlega fjölmennra sveitarfélaga.



Mynd 2: Vægi flutningsjafnaðar og hreyfanleiki íbúanna á Vesturlandi 1986-2021.

Gögn Hagstofu Íslands. Tölurnar eru hlutfall af íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags.

Hreyfanleiki íbúanna var hins vegar reiknaður út með því að finna hversu hátt hlutfall fjöldi aðfluttra var sem hlutfall af heildarfjölda íbúa:

$$\dot{A} = A/I$$

Einnig fjöldi brottfluttra sem hlutfall af heildarfjölda íbúa:

$$\dot{B} = B/I$$

Með „aðflutnings-“ og „brottflytningshlutfalli“ fáum við betri tilfinningu fyrir umfangi flutninganna og þar með hreyfanleika íbúanna. Þessir útreikningar eru í nokkru samræmi við það sem sjá má í nýlegri fræðigreini um svipað efni (Garðarsdóttir, Bjarnason, Jónsson, & Shuttleworth, 2021).

Framsetningu niðurstaðnanna má sjá í næstu mynd (Mynd 2). Til vinstri er vægi flutningsjafnaðar að finna og til hægri er hreyfanleika íbúanna að finna. Myndin er fyrir Vesturland og á henni sést að framan af tímabilinu voru búferlaflutningar neikvæðir um 1%-2% af heildaríbúafjölda og við segjum þá að vægi þeirra hafi verið neikvætt um 1%-2%. Athygli vekur að eftir að Hvalfjarðargögnin opnuðu hefur vægi flutningsjafnaðar alltaf verið hagstæðara nema í kjölfar .com-kreppunnar og bankahrunsins. Í covid-kreppunni náði það ekki að verða neikvætt þó svo það hafi versnað, en var strax komið upp fyrir 1% árið 2021. En hvernig var þetta í öðrum landshlutum? Við skoðum það í 4. kafla.

3.3 ATVINNUSAGA

Í hagræmi fyrir nokkrum árum kom fram fylgni á milli íbúabróunar sveitarfélaga á Vesturlandi og atvinnuleysis þar (Karlsson, 2020b). Þess vegna verður gerð tilraun til að tengja breytingar á flutningsjöfnuði við stóra viðburði og breytingar í atvinnulífi viðkomandi sveitarfélaga þar sem því verður komið við í þeirri viðleitni að leita skýringa og/eða stilla upp tilgátum um skýringar á breytingum í fjölda aðfluttra og brottfluttra hverju sinni. Það verður gert í lok umfjöllunar fyrir hvert sveitarfélag um sig.

3.4 TÖLFRÆÐILEGT YFIRLIT GAGNANNA

Hér er birt yfirlit yfir ársmeðaltöl vægis flutningsjafnaðar og hreyfanleika íbúanna vegna þess að það gefur góða yfirsýn yfir gögnin auk þess sem það kemur sér vel í greiningunni seinna og er þá vísað fram í þessar töflur hverju sinni.

Tafla 1: Vægi heildarflutningsjafnaðar sveitarfélaga á Vesturlandi 1986-2021

Gögn Hagstofu Íslands. Tölur eru hlutfall af íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags.

Sveitarfélag	Ársmeðaltöl	Staðalfrávik	Leitni	R ²
Akraneskaupstaður	0,2%	0,017	0,09%	0,32
Skorradalshreppur	0,1%	0,101	-0,03%	0,00
Hvalfjarðarsveit	-0,5%	0,037	0,10%	0,08
Borgarbyggð	-0,3%	0,019	0,06%	0,12
Grundarfjarðarbær	-0,8%	0,022	-0,05%	0,06
Helgafellssveit	-0,7%	0,076	0,26%	0,13
Stykkishólmsbær	-0,8%	0,020	0,07%	0,12
Eyja- og Miklaholtshreppur	-2,7%	0,067	0,03%	0,00
Snæfellsbær	-1,6%	0,015	0,06%	0,15
Dalabyggð	-1,8%	0,031	0,13%	0,21
Vesturland	-0,4%	0,013	0,08%	0,39

Ársmeðaltölin yfir vægi flutningsjafnaðar sýna að innan Vesturlands árin 1986-2021 var flutningsjöfnuðurinn eingöngu jákvæður í Akraneskaupstað og Skorradalshreppi (Tafla 1). Ársmeðaltal Vesturlands á tímabilinu var -0,4% og voru eingöngu fyrrnefnd sveitarfélög með hagfelldari ársmeðaltöl en Vesturland allt ásamt Borgarbyggð. Staðalfrávikðið sýnir hins vegar að sveiflurnar séu hvergi meiri (og því óvissan líka) en í Skorradalshreppi. Leitnir sýnir hins vegar hvort flutningsjöfnuður hafi almennt verið að „lagast“ og er þá átt við hvort hann sé verða jákvæður, jákvæðari, minna neikvæður eða að „versna“ (stefni því að því að verða neikvæður, neikvæðari eða minna jákvæður). Við sjáum að hann lagast í Akraneskaupstað, Hvalfjarðarsveit, Borgarbyggð, Helgafellssveit, Stykkishólmsbæ, Eyja- og Miklaholtshreppi, Snæfellsbæ og Dalabyggð en versnar annars staðar. Alls staðar er samt mikil óvissa í leitninni (sjá á R^2 sem getur verið á bilinu 0 til 1 þar sem túlka má sem mjög mikla óvissu ef það er nærri 0, eða nær 0 en 1, en 1 mjög litla óvissu). Lang mest er óvissan í Skorradalshreppi og Eyja- og Miklaholtshreppi en minnst í Akraneskaupstað.

Tafla 2: Vægi flutningsjafnaðar landshluta 1986-2021

Gögn Hagstofu Íslands. Tölurnar eru hlutfall af íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags.

Sveitarfélag	Ársmeðaltöl	Staðalfrávik	Leitni	R^2
Höfuðborgarsvæðið	0,8%	0,007	0,00%	0,00
Suðurnes	0,9%	0,025	0,11%	0,22
Vesturland	-0,4%	0,013	0,08%	0,38
Vestfirðir	-1,7%	0,015	0,09%	0,37
Norðurland vestra	-1,1%	0,010	0,06%	0,34
Norðurland eystra	-0,4%	0,008	0,05%	0,38
Austurland	-0,5%	0,045	0,06%	0,02
Suðurland	0,3%	0,014	0,09%	0,48

Samanburð Vesturlands við aðra landshluta er einnig að finna þarna (Tafla 2) þó svo hann verði líka dreginn fram myndrænt seinna (Mynd 3). Ársmeðaltal flutningsjafnaðar Vesturlands var -0,4% eins og áður sagði og aðeins hagfelldara á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Suðurlandi. Hins vegar lagaðist/jókst flutningsjöfnuðurinn einna mest á Vesturlandi eða um 0,08% á tímabilinu.

Í töflunni má almennt sjá að flutningsjöfnuður var hagfelldastur á Suðurnesjum (0,8%) og höfuðborgarsvæðinu (0,8%) en óhagfelldastur á Vestfjörðum (-1,7%) og Norðurlandi vestra (-1,1%) (Tafla 2). Samkvæmt leitninni lagaðist hann samt mest á Suðurnesjum (0,11%), Vestfjörðum og Suðurlandi (0,09%) en síst á höfuðborgarsvæðinu (0,00%) og á Norðurlandi eystra (0,05%).

Tafla 3: Aðfluttir sem hlutfall af íbúum sveitarfélaga á Vesturlandi 1986-2021

Gögn Hagstofu Íslands. Tölurnar eru hlutfall af íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags.

Sveitarfélag	Ársmeðaltöl	Staðalfrávik	Leitni	R^2
Akraneskaupstaður	19,4%	0,031	0,12%	0,16
Skorradalshreppur	14,8%	0,089	0,41%	0,24
Hvalfjarðarsveit	13,5%	0,047	0,33%	0,54
Borgarbyggð	16,4%	0,046	0,35%	0,64
Grundarfjarðarbær	18,1%	0,029	-0,14%	0,26
Helgafellssveit	7,4%	0,065	0,36%	0,34
Stykkishólmsbær	15,8%	0,031	0,03%	0,01
Eyja- og Miklaholtshreppur	12,2%	0,062	0,31%	0,27
Snæfellsbær	16,6%	0,027	-0,13%	0,24
Dalabyggð	11,5%	0,027	0,16%	0,38
Vesturland	17,3%	0,026	0,15%	0,36

Tafla 4: Brottluttir sem hlutfall af íbúum sveitarfélaga á Vesturlandi 1986-2021

Gögn Hagstofu Íslands. Tölurnar eru hlutfall af íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags.

Sveitarfélag	Ársmeðaltöl	Staðalfrávik	Leitni	R ²
Akraneskaupstaður	19,2%	0,021	0,02%	0,01
Skorradalshreppur	14,7%	0,092	0,44%	0,25
Hvalfjarðarsveit	14,0%	0,038	0,23%	0,40
Borgarbyggð	16,7%	0,039	0,28%	0,57
Grundarfjarðarbær	18,9%	0,030	-0,09%	0,11
Helgafellssveit	8,1%	0,061	0,09%	0,03
Stykkishólmsbær	16,6%	0,029	-0,03%	0,01
Eyja- og Miklaholtshreppur	14,9%	0,063	0,27%	0,21
Snæfellsbær	18,3%	0,030	-0,18%	0,40
Dalabyggð	13,3%	0,027	0,03%	0,01
Vesturland	17,7%	0,017	0,07%	0,18

Leitnitölur yfir hlutfallstölur aðfluttra og brottfluttra benda til að hreyfanleiki hafi verið að aukast til og frá sveitarfélögum á Vesturlandi á umræddu tímabili (Tafla 3 & Tafla 4). Það dró aðeins úr fjölda aðfluttra í tveimur sveitarfélögum af tíu en þremur í fjölda brottfluttra. Það var í sveitarfélögunum Snæfellsbæ, Grundarfjarðarbæ og Stykkishólmsbæ sem eru öflugustu sjávarbyggðir Vesturlands. Þetta var mun meira áberandi í tveimur fyrrnefndu sveitarfélögunum en því síðasta en þau hafa líka verið háðari sjávarútvegi (Vífill Karlsson, 2007). Tilraunir verða gerðar til að útskýra þetta síðar. Ferðaþjónustan virðist hafa drifið hreyfanleika íbúanna víða um land og færð hafa verið rök fyrir því að ferðaþjónusta eigi erfiðara uppdráttar í sjávarbyggðum, m.a. vegna þess hvað laun ófaglærðra eru miklu hærri í sjávarútvegi en ferðaþjónustu. Þetta getur verið hemill þegar skortur er á vinnuafli og samkeppni er um lánsfé og fjármuni á sama tíma.

Tafla 5: Aðfluttir sem hlutfall af íbúum landshluta 1986-2021

Gögn Hagstofu Íslands. Tölurnar eru hlutfall af íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags.

Sveitarfélag	Ársmeðaltöl	Staðalfrávik	Leitni	R ²
Höfuðborgarsvæðið	19,4%	0,017	0,01%	0,01
Suðurnes	23,1%	0,036	0,18%	0,28
Vesturland	17,3%	0,027	0,15%	0,33
Vestfirðir	17,8%	0,016	-0,04%	0,05
Norðurland vestra	13,4%	0,015	0,01%	0,01
Norðurland eystra	17,8%	0,018	0,08%	0,21
Austurland	17,0%	0,048	0,13%	0,08
Suðurland	17,0%	0,025	0,17%	0,50

Tafla 6: Brottluttir sem hlutfall af íbúum landshluta 1986-2021

Gögn Hagstofu Íslands. Tölurnar eru hlutfall af íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags.


Sveitarfélag	Ársmeðaltöl	Staðalfrávik	Leitni	R ²
Höfuðborgarsvæðið	18,7%	0,015	0,01%	0,01
Suðurnes	22,1%	0,018	0,07%	0,16
Vesturland	17,7%	0,018	0,07%	0,17
Vestfirðir	19,5%	0,023	-0,12%	0,31
Norðurland vestra	14,5%	0,018	-0,04%	0,06
Norðurland eystra	18,2%	0,016	0,03%	0,05
Austurland	17,6%	0,038	0,07%	0,04
Suðurland	16,7%	0,016	0,07%	0,22

Sömu tölur fyrir landshluta (Tafla 5 & Tafla 6) renna stöðum undir þetta, þar sem neikvæða þróun var einungis að finna á Vestfjörðum. Vestfirðir eru það svæði sem er lang háðast sjávarútvegi og fiskeldi þegar vægi þeirra í verðmætasköpun landshlutans (hagvöxtur) er skoðað (Sigurður Jóhannesson & Sigurður Árnason, 2021, bls. 7-8) og horft er til þess hversu langt þeir eru frá Keflavík (alþjóðaflugvöllur) og Seyðisfirði (alþjóðleg ferjuhöfn). Mesti vöxturinn er hins vegar á Suðurlandi og Suðurnesjum sem byggja mest á ferðaþjónustu. Vöxtur þeirra landsvæða markast líka af nálægð þeirra við höfuðborgarsvæðið.

4 GREINING

4.1 VESTURLAND OG AÐRIR LANDSHLUTAR Á ÍSLANDI

Myndræn framsetning hér er tvískipt. Í fyrsta lagi er Vesturland borið saman við landshluta á suðvestur horni landsins (til vinstri í myndunum) og síðan á norðaustur hluta þess (til hægri í myndunum). Hér framfar var getið fjögurra atburða, í formi tilgátna, til að útskýra megin sveiflur í vægi flutningsjafnaðar á Vesturlandi (í kringum Mynd 2). Gefið var í skyn að Hvalfjarðargöngin hefðu mögulega rennt stoðum undir hagfellda búferlaflutninga á Vesturlandi. Samanburður á Vesturlandi og öðrum landshlutum suðvestur hornsins bendir til þess sama (Mynd 3, t.v.). Fram að opnun ganganna eru búferlaflutningar mun óhagfelldari á Vesturlandi en á hinum þremur landshlutunum en mun líkari eftir opnun ganganna og sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandi. Þróunin fram að göngum er miklu líkari því sem var á norðaustur hluta landsins, einkum Vestfjörðum og Austurlandi, þar sem hún var neikvæð og undir -1% (Mynd 3, t.h.).



Mynd 3: Vægi flutningsjafnaðar eftir landshlutum 1986-2021.


Gögn Hagstofu Íslands. Tölur eru hlutfall af íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags.

Þetta sést enn betur í myndrænum samanburði þar sem Vesturland var sett meðal landshluta á norðvestur horninu á árunum fyrir árið 2000 og með suðvestur horninu frá og með árinu 2000 (Mynd 4). Það sést t.d. að Vesturland byrjar strax að kljúfa sig frá landshlutum á norðvestur horninu á árinu 1999. Á myndunum sést að það verður breyting til batnaðar hjá öllum landshlutum á 21. öldinni, þannig að það eru fleiri kraftar í gangi (Mynd 3).

Athyglisvert er líka að sjá sveiflurnar í kringum kreppur og samdráttarskeiðin sem nefnd voru. Þróunin á Vesturlandi er í góðu samræmi við aðra landshluta á suðvestur horninu (Mynd 3, t.v.). Engar slíkar sveiflur er að finna á norðaustur hluta landsins (Mynd 3, t.h.). Helstu frávikin á suðvestur horninu eru ýktar sveiflur á Suðurnesjum í aðdraganda bankahrunsins og covid-kreppunar (Mynd 3, t.v.). Suðurland skildi sig líka vel frá Vesturlandi og höfuðborgarsvæðinu í aðdraganda covid-kreppunar. Þessi frávik

verða mögulega útskýrð gagnvart Suðurnesjum með brotthvarfi setuliðs Bandaríkjamanna frá Íslandi í aðdraganda bankakreppunar og miklum vexti ferðaþjónustu í aðdraganda covid-kreppunnar fyrir bæði Suðurnes og Suðurland en vægi ferðaþjónustu er mest í þessum tveimur landshlutum. Með brotthvarfi setuliðsins jókst framboð húsnæðis á Suðurnesjum mjög mikið (Vífill Karlsson, 2020a, bls. 12-13) og væntanlega með þrýstingi íbúðaverðs niður. Með örum vexti ferðaþjónustunnar, t.d. uppbyggingar í Leifsstöð og byggingu nýrra hótela og affreyingarmöguleika á báðum svæðum, jókst eftirspurn eftir vinnuafli sem mætt var með fólki víða að.


Þróunin á norðausturlandi er nokkuð áþekk á milli landsvæða með nokkrum frávikum sem minnst skal á. Austurland sker sig verulega úr hinum landsvæðunum vegna framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun og Álver á Reyðarfirði. Flutningsjöfnuðurinn rauk upp á framkvæmdartímanum og fór svo niður eftir hann og varð neikvæður. Ekki er augljóst af myndinni hvort framkvæmdin hafi haft varanleg áhrif á flutningsjöfnuðinn þar sem þróunin á Austurlandi var áþekk þróuninni í hinum landshlutunum á norðaustur horninu jafnt fyrir sem eftir framkvæmdirnar. Þess skal hins vegar getið að ný rannsókn á fjölgun barna eftir landshlutum bendir til varanlegra jákvæðra umskipta á Austfjörðum eftir framkvæmdirnar sem ættu að geta skilað sér í jákvæðari flutningsjöfnuði þar seinna (Vífill Karlsson & Jón Þorvaldur Heiðarsson, 2022).



Mynd 4: Vægi flutningsjafnaðar eftir landshlutum seinni part 20. aldarinnar og byrjun 21.

Gögn Hagstofu Íslands. Tölurnar eru hlutfall af íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags.


Þá er þróunin á Norðurlandi eystra hagstæðari en annars staðar á norðaustur horninu. Hún var hins vegar yfirleitt neikvæð nema árin 2007 og 2017 sem voru líka topparnir í þróun allra svæða á suðvestur horni landsins. Við sjáum þar líka jákvæða viðspyrnu í þróuninni frá árinu 2020 til 2021 eins og á suðvestur horni landsins. Reyndar var þróunin farin að vera jákvæð í öllum landshlutum norðaustur hornsins og áþekk því sem var á suðvestur horninu síðustu fjögur til fimm ár tímabilsins. Það er því eins og vöxtur ferðaþjónustunnar standi með landinu öllu, þó misjafn sé.



Mynd 5: Hreyfanleiki íbúanna, taldir í aðfluttum, eftir landshlutum 1986-2021.

Gögn Hagstofu Íslands. Tölurnar eru hlutfall af íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags.

Þegar hreyfanleiki íbúa Vesturlands er skoðaður og borinn saman við aðra landshluta, fyrst eftir fjölda aðfluttra sem hlutfall af íbúafjölda viðkomandi svæða, kemur í ljós að hann jókst stöðugt fram til ársins 2008 og dróst saman fram til 2010 en hefur aukist síðan (Mynd 5, t.v.). Örlítil samdráttur er sýnilegur í kringum aldamótin sem getur tengst „dot-com-kreppunni“. Þetta gerðist með svipuðum hætti í öllum landshlutum með nokkrum blæbrigðum þó. Þróunin á Vesturlandi og Suðurlandi var nánast sú sama. Á Suðurnesjum var hreyfanleiki íbúanna alltaf miklu meiri en á Vesturlandi og Suðurlandi þó svo að þróunin væri svipuð í tíma. Á höfuðborgarsvæðinu var fjöldi aðfluttra hlutfallslega jafn mikill og á Suðurnesjum á fyrri hluta tímabilsins. Árið 1999 dró verulega úr þessari þróun á höfuðborgarsvæðinu og árið 2005 varð hún jöfn því sem hún var á Vesturlandi og Suðurlandi og hefur haldist þannig síðan.



Mynd 6: Hreyfanleiki íbúanna, taldir í brottfluttum, eftir landshlutum 1986-2021.

Gögn Hagstofu Íslands. Tölurnar eru hlutfall af íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags.


Á norðaustur horni landsins var þróunin ekki eins áberandi og á suðvestur horninu í kringum aldamótin eins og árið 2008. Það er kannski helst á Norðurlandi eystra sem ferillinn lýsir sambærilegri þróun og á suðvestur horni landsins og jafnvel Norðurlandi vestra. Sveiflan á Austurlandi virðist tengjast framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun og álver á Reyðafirði.

Brottflyttir sem hlutfall af fjölda íbúa er líka einna lægstur á Vesturlandi í samanburði við aðra landshluta (Mynd 6 og Tafla 6). Það er helst Norðurland vestra sem er lægra að þessu leyti og Austurland fyrir framkvæmdirnar í kringum álver á Reyðafirði. Annars eru sveiflurnar í kringum kreppur og samdráttarskeið alls ekki eins áberandi hvað brottflutninginn varðar eins og var með tölur yfir aðflutta – einkum á suðvestur horni landsins. Það útskýrir sveiflurnar í vægi flutningsjafnaðar sem eru í flestum landshlutum vegna breytinga á fjölda aðfluttra en miklu síður fjölda brottfluttra. En fjöldi brottfluttra dróst frekar saman eftir bankahrun 2008 og einnig í kringum aldamótin svo segja má að fjöldi brottfluttra hafi dregið úr neikvæðum áhrifum á samdrætti í fjölda aðfluttra. Athygli vekur að jákvæða þróun á milli árána 2020 og 2021 var eingöngu að rekja til þess að fjöldi brottfluttra dróst miklu meira saman en fjöldi aðfluttra í öllum landshlutum á suðvestur horninu nema á Vesturlandi. Á Vesturlandi fækkaði brottfluttum um leið og fleiri fluttu að á milli þessara ára. Sama gerðist á Vestfjörðum, Norðurlandi eystra og Norðurlandi vestra.

4.2 SVEITARFÉLÖG Á VESTURLANDI

4.2.1 AKRANESKAUPSTAÐUR

Frá árinu 1986 hefur Akraneskaupstaður misst flesta íbúa sína til Reykjavíkurborgar eða 791 (861-70) þegar þeir sem hafa flutt frá Reykjavíkurborg til Akraneskaupstaðar hafa verið dregnir frá (Mynd 7). Næst flesta hefur Akraneskaupstaður misst til Hafnarfjarðar og Garðabæjar. Af myndinni mætti ráða að Akraneskaupstaður hafi misst næst flesta til útlanda en það á bara við ef einblínt er á fólk með íslenskan ríkisborgararétt. Ef ríkisfangi er haldið utan við þessa greiningu þá hafa útlönd skaffað flesta íbúa til Akraneskaupstaðar nettó, eða 483 (745-262).




Mynd 7: Flutningsjöfnuður Akraneskaupstaðar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.
Gögn Hagstofu Íslands. Hér voru valin þau fimm sveitarfélög þar sem flutningsjöfnuður var hagstæðastur og óhagstæðastur.

Þegar tímabilið 2017-2021 var skoðað hafði veruleg breyting hins vegar átt sér stað, borið saman við tímabilið 1986-2016. Reykjavíkurborg var farin að skila fólki til baka til Akraneskaupstaðar og það hallaði yfirleitt frekar lítið á Akraneskaupstað m.v. hvað straumurinn var sterkur frá Reykjavíkurborg, en þó sérstaklega útlöndum (sjá stærðarmun á rauðum og bláum sulum í myndinni til hægri). Akraneskaupstaður átti líka stuðning nággranna sinna, Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar, sem fyrr. Í þá vösku sveit höfðu Kópavogsbær og Reykjavíkurborg skipað sér árin 2017-2021, eins og áður sagði. Þá virtist Akraneskaupstaður helst vera að missa fólk, annað hvort til samfélaga á ytri jaðri stórhöfuðborgarsvæðisins eins og Sveitarfélagsins Árborgar og Mosfellsbæjar eða staða sem eru mikið lengra frá höfuðborgarsvæðinu eins og Strandabyggðar eða Skagafjarðar. Áður fyrr (1986-2016) var Akraneskaupstaður að missa flest fólk á höfuðborgarsvæðið. Þá vekur athygli að á fyrra tímabilinu var bara að finna sveitarfélög á Vesturlandi í fimm efstu sætunum – þ.e. þeim sætum sem Akraneskaupstaður fékk flesta íbúa frá. Árin 2017-2021 var þar að finna aðeins tvö sveitarfélög af Vesturlandi. Á tímabilinu 1986-2016, hélt aðflutningur fólks úr þeim sveitarfélögum sem mest streymdi til Akraneskaupstaðar ekki í við brottflutning til þeirra svæða eða sveitarfélaga sem mest streymdi til frá kaupstaðnum; Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit, Ísafjarðarbær, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær gáfu 630 íbúa en 1.254 íbúar fóru til höfuðborgarsvæðisins.

Vægi flutningsjafnaðar (gagnvart öllum sveitarfélögum og útlöndum samanlagt) hefur verið nokkuð mikið á Akranesi (Mynd 8, t.v.). Neikvæðast var það -3,5% árið 1990 og mest og jákvæðast 5,7% árið 2007. Framan af tímabilinu var það neikvætt en varð jákvætt á árinu 1997. Það varð aftur neikvætt í tvö ár eftir bankahrunið en hefur verið jákvætt síðan. Þetta vægi hefur samt oftar verið jákvætt en neikvætt í Akraneskaupstað á árunum 1986-2021 eins og sjá má á meðaltalinu og þokast upp eins og leitnin bendir til (Tafla 1). Vægi flutningsjafnaðar á Vesturlandi hefur hvergi verið eins hagfelld eins og í Akraneskaupstað skv. meðaltalinu og þróun vægisins hefur í fáum sveitarfélögum verið eins hagfelld skv. leitninni.

Þá hefur 15-24% íbúanna verið að flytja brott frá Akraneskaupstað að jafnaði árlega á árunum 1986-2021 og annað eins og meira fluttist til kaupstaðarinnar frá árinu 1998. Fyrir þann tíma náðu aðfluttir ekki að fylla skarð þeirra sem fluttu brott.

Megin sveiflur í flutningsjöfnuði Akraneskaupstaðar hafa, eftir opnun Hvalfjarðarganganna, einkennst af því hlutverki sem kaupstaðurinn hefur haft, ásamt Árborg og Reykjanesbæ. Það hlutverk er að taka við yfirfalli af íbúum höfuðborgarsvæðisins á hagvaxtarskeiðum sem gengur svo til baka eða slær á þegar samdráttarskeið taka við eða kreppur (Mynd 8, t.v.). Á hagvaxtarskeiðum hækkar fasteignaverð mikið og við þær aðstæður leitar fólk út fyrir höfuðborgarsvæðið með búsetu. Þá styrkist krónan gjarnan í þenslu og eldsneytisverð lækkar og þar með verður ódýrara að keyra langt, m.a. vegna atvinnu, og því hagfelldara að búa fjær vinnustað sínum. Þetta sést í kringum allar kreppurnar þrjár eftir opnun Hvalfjarðarganganna, „Dot-com“, bankahrun og Covid-kreppuna. Þess utan virðist hugur fólks til að búa á fámennari stöðum utan höfuðborgarsvæðisins hafa orðið jákvæðari s.l. 20 ár eða svo (Þóroddur Bjarnason og félagar, 2022). Kunna þetta að vera vísbendingar um andborgarmyndun (e. counterurbanisation) héraendis en hennar varð fyrst vart í kringum 1970 í Bandaríkjunum (Vífill Karlsson, 2004; Mitchell, 2004). Þess ber m.a. almennt hagfelldari flutningsjöfnuður í öllum landshlutum glöggt merki (Mynd 3).



Mynd 8: Vægi flutningsjafnaðar og hreyfanleiki íbúanna í Akraneskaupstað 1986-2021.


Gögn Hagstofu Íslands. Tölurnar eru hlutfall af íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags. Gráa brotalínan til vinstri er Vesturland.

Athygli vekur að flutningsjöfnuður varð ekki jákvæður í Akraneskaupstað fyrr en eftir opnun Hvalfjarðarganganna (Mynd 8, t.v.). Tölur fengust hjá Byggðastofnun yfir ársverk sveitarfélaga og fækkaði þeim á Akranesi á árunum 1988-1991 um 300 eða 12% af því sem þau höfðu verið árið 1988. Mest fækkaði um 182 á milli árunum 1990 og 1991. Svo fækkaði þeim strax aftur á árunum 1992-1994 um 97, mest 77 á milli árunum 1993-1994. Þessi samdráttur í ársverkum virðist setja sitt mark á flutningsjöfnuð Akraneskaupstaðar þessi árin. Þegar skoðað var hvaða atvinnugreinar voru að gefa eftir á þessum tímabilum þá var það fiskvinnsla, iðnaður og byggingariðnaður sem töpuðu mest á fyrra tímabilinu en að mestu leyti iðnaður á því seinna.

Ástæðuna má m.a. rekja til mikilla umskipta í sjávarútvegi og ýmsum iðnaði eins og sjá má í upptalningunni hér á eftir en það fjaraði undan frystingu og söltun þar sem frysting og söltun var um 21.800 tonn árið 1986 en var orðin 17.000 tonn árið 1991 og 14.000 tonn árið 1994. Hins vegar náðist að auka bræðsluna úr um 20.000 tonnum árið 1991 í 60.000 tonn árið 1994 og yfir 100.000 tonn árið 1997, en það var síðasta árið sem Fiskifélag Íslands gaf út Útveg með svona vel sundurliðaða tölfræði. Frysting og söltun var hins vegar miklu mannaflsfrækari framleiðsla en bræðsla og því bætti hún alls ekki upp þá fækkun starfa í sjávarútvegi þó svo framleiðslumagn bræðslunnar hafi verið margfalt í tonnum talið í samanburði við frystingu og söltun. Þróun fiskveiða á Akranesi m.t.t. mannaflsþarfar má t.d. byggja á fjölda báta og skipa þar. Bátum og skipum hafði fjölgað úr 28 árið 1986 í 35 árið 1991 en töldu 22 árið 1997, þar af 12 í stærðarflokknum 0-12 brúttólestir¹. Sömu sögu renna tölur Frjálsrar

¹ Árið 1987 voru 32 bátar og skip á Akranesi, höfðu verið 28 árið áður en voru orðin 35 árið 1991 (Fiskifélag Íslands, 1987, 1988, 1992). Árið 1991 verkuðu 10 fyrirtæki fisk á Akranesi; Haraldur Böðvarsson lang stærstur en svo komu Heimaskagi og Haförminn næst á eftir. Þá var verið að frysta um 17.000 tonn en bræðsla var um 20.000 tonn og önnur vinnsla miklu minni (Fiskifélag Íslands, 1992, bls. 377). Árið 1986 voru 9 fyrirtæki að verka fisk en námu afurðir um 52.000 tonnum, þar af um 27.200 í bræðslu, 18.200 í frystingu og 3.500 í söltun en annað miklu minna (Fiskifélag Íslands, 1987, bls. 267 og 288-293). Árið 1994 voru 11 fyrirtæki að verka sjávarafurðir; landvinnsla var tæplega 14.000 tonn en bræðsla var rúmlega 60.000 tonn. (Fiskifélag Íslands, 1996, bls. 427). Árið 1997 voru tæplega 13.000 tonn fryst á Akranesi en 101.300 tonn brædd en lítið annað unnið í landi

verslunar stoðum undir en þar voru birtar tölur yfir ársverk eftir fyrirtækjum vítt og breitt um landið. Hér er birt þróun ársverka stærsta sjávarútvegsfyrirtækis á Akranesi, Haraldar Böðvarssonar (HB), Sementsverksmiðjunnar, Þorgeirs og Ellerts og sjúkrahússins (Mynd 9).



Mynd 9: Meðalfjöldi starfsmanna (ársverk) hjá völdum fyrirtækjum á Akranesi.


Gögn Frjáls framtaks hf., gefin út í tímaritinu Frjáls verslun viðkomandi ár. Gögn fundust bara á þeim árum sem punktur stendur við.

Þessar sveiflur má líka rekja til breytinga á þrjónaiðnaðinum á Íslandi. Í tímaritinu Vinnunni (Garðar Guðjónsson, 1994a, bls. 16) kom m.a. fram að „verulega hafi hallað undan atvinnumálum á Akranesi árið 1986“, og var það rakið til þrjóna- og saumaiðnaðarins og þess að þar hafi tugir kvenna misst atvinnuna. Svo segir að kreppt hafi að í fiskvinnslunni litlu síðar. Einnig var þar bent á fækkun starfa í skipasmíðaiðnaði „á undanförunum árum“ (m.v. árið 2004) og að störfum hafi fækkað um 90 í Sementsverksmiðjunni og um nokkra tugi hjá Járblendifélaginu. Á Akranesi voru Henson og Akraprjón í fataframleiðslu. Í sama tímariti kom reyndar fram að 66° Norður hóf nýja starfsemi á Akranesi árið 1991 í húsnæði sem Henson var í áður og hafði ráðið til sín 12 starfsmenn en þeim hafði fjölgað í 32 þegar viðtalið var tekið árið 2004 (Garðar Guðjónsson, 1994b, bls. 17). Þann 5. janúar 1988 barst Bæjarfógetanum á Akranesi beiðni um gjaldþrotaskipti Hennes hf., dótturfélags Henson hf. í Reykjavík, og voru starfsmenn þá 30 en höfðu flestir verið 65 talsins (Mbl, 1988, bls. 2). Félagið hafði starfað á Akranesi síðan haustið 1984. Árið 1988 var annað árið í röð sem mikil fækkun hafði verið hjá Hennes og Akraprjóni eins og öðrum fyrirtækjum í fataframleiðslu ("Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum," 1989, bls. 110). Í september 1990 var Akraprjón úrskurðað gjaldþrota (Sigurður Sverrisson, 1990, bls. 2). Árið 1999 hætti Sjúklæðagerðin 66°N starfsemi sinni á Akranesi og sagði upp 24 starfsmönnum ("Uppsagnirnar eins og köld vatnsgusa," 1999, bls. 1). Nokkrum árum áður, 1996,

(Fiskifélag Íslands, 1998, bls. 438). Þetta ár voru 22 skip og bátar á Akranesi, þar af 12 á bilinu 0-12 brúttólestir (Fiskifélag Íslands, 1998) en árið 1994 voru þau 26, þar af 14 í stærðarflokknum 0-12 brúttólestir (Fiskifélag Íslands, 1996).

hófst annað uppbyggingarferli á Grundartanga þegar Norðurál hóf framleiðslu sína og Hvalfjarðargöngin (Vífill Karlsson, 2004) voru opnuð fyrir umferð. Þá batnaði aðgengi fólks að vinnumarkaði höfuðborgarsvæðisins og starfsmönnum fjölgaði hægt og bítandi á Grundartanga og því voru öll áföll á Akranesi í atvinnumálum milduð verulega. Nánari vísbendingar um uppbygginguna á Grundartanga er að finna í kaflanum um Hvalfjarðarsveit.

Ekki verður komist hjá því að fjalla meira um Harald Böðvarsson hf. (HB hf.) í þessu stutta yfirliti yfir atvinnulíf á Akranesi, en upphaf fyrirtækisins má rekja aftur til ársins 1906 (Haraldur Sturlaugsson & Sigurdór Sigurdórsson, 1977). Árið 2004 sameinaðist fyrirtækið Granda og úr varð HB Grandi. Haraldur Böðvarsson hafði rekið útgerð og fiskvinnslu í áratugi á Akranesi og verið stærsti vinnuveitandi þar um árabíl en félagið Haraldur Böðvarsson hf. varð til árið 1991 við samruna fjögurra fyrirtækja á Akranesi. Þau voru Haraldur Böðvarsson & Co, Sigurður hf. (dótturfélag HB & Co.), Heimaskagi og Síldar- og fiskimjölsverksmiðja Akraness hf. Tölurnar yfir ársverk HB fyrir 1991 voru því taldar fyrir öll þessi fjögur fyrirtæki til að gæta samræmis (Mynd 9). Síðan sameinaðist Krossvík hf. HB hf árið 1996 og ári síðar sameinuðust HB og Miðnes hf. í Sandgerði (Kjartan Stefánsson, 2019, bls. 16).² Þessi sameiningarsaga er þekkt stef í sjávarútvegi, einkum eftir að kvótakerfinu var komið á í stjórn fiskveiða hérlandis og tækni til veiða og vinnslu tók miklum stakkaskiptum sem leiddi af sér aukna stærðarhagkvæmni.



Mynd 10: Landvinnsla og fjöldi báta í Akraneskaupstað

Gögn Hagstofu Íslands og Fiskifélags Íslands. Tölurnar yfir fjölda báta 1992-1997 komu frá Fiskifélaginu, annað frá Hagstofunni. Tölur yfir landvinnslu voru fengnar í töflu sem Hagstofan kallar afli eftir tegund vinnslu, fisktegundum á Akranesi.

² Þessi skrítna tala þar sem ársverk við HB hf. fer í 430 er eitthvað tengd þeirri sameiningu og verður að skoðast í því ljósi.

Augljóst má þykja að sjávarútvegur er svipur hjá sjón á Akranesi m.v. það sem áður var þar sem hefðbundin landvinnsla er nærri horfin og bátum hefur fækkað (Mynd 10)³. Þó starfa ennþá á Akranesi fyrirtæki sem byggja á sjávarútvegi, eins Þorgeir og Ellert, Skaginn 3X og Akraborg. Akraborg er í lagmetisiðnaði og framleiðir niðursoðna þorskalifur. Þar starfa 40 manns á tveimur starfsstöðvum; Akranesi og Ólafsvík (Akraborg, 2022).

Skipasmíðastöðin Þorgeir & Ellert og dótturfélög, sem starfað hefur frá 1928, er dæmi um önnur mannaflsfræk fyrirtæki á Akranesi og í nágrenni. Árið 2019 var þetta samstæða þriggja félaga; Skagans 3X, 3X Technology og Þorgeirs & Ellerts, og var í eigu einna hjóna (Þorsteinn Friðrik Halldórsson, 2019). Ársverkatölur yfir Þorgeir og Ellert (Mynd 9) ná ekki til allra þessara þriggja fyrirtækja og eru því á vissan hátt vanmetnar frá árinu 1998 þegar um 80 manns unnu þar. Sem dæmi þá voru 45 ársverk í 3X Technology og 54 hjá Skaganum árið 2014 ("Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum," 2015). Fyrirtækið Þorgeir & Ellert hefur þjónustað sjávarútvegsfyrirtækin og Skaginn 3X framleiðir hátækni framleiðslulínur fyrir matvælaíðnað (Skaginn, 2018, bls. 25). Þýska fyrirtækið Baader keypti allt hlutfé í Skaganum 3X árið 2020 (Ólafur Arnarson, 2020). Sementsverksmiðja ríkisins var byggð 1958 (Guðmundur Guðmundsson, 2008, bls. 23) og hætti framleiðslu snemma árs 2012 en umsvifin voru mest um miðjan áttunda áratuginn. Starfsmenn voru um 190 upp úr 1980 en voru 10 í apríl 2013 þegar verksmiðjan sá um innflutning á sementi til landsins (Helgi Bjarnason, 2013, bls. 21). Íslenska járnblendifélagið hf. hóf byggingarframkvæmdir á Grundartanga árið 1977 (Elkem, 2022). Ráðist var í byggingu tveggja ofna í fyrsta áfanga, fyrri ofninn var tekinn í notkun árið 1979 og síðari ofninn árið 1980. Þriðji ofninn var síðan tekinn í notkun haustið 1999. Athygli vekur að ársverkum við Járnblendið fækkaði á árunum 1986-1993, mest á milli árána 1992 og 1993 en eftir það fjölgaði þeim lítið eitt a.m.k. fram til 1998 (Mynd 9). Norðurál hf. á Grundartanga hóf starfsemi sína í byrjun júní 1998. Fyrirtækið afkastaði fyrst 60.000 tonnum af áli á ári en hefur núna leyfi til að framleiða 350.000 tonn á ári ("Norðurál," 2022). Árið 1998 voru þar rúmlega 150 stöðugildi en árið 2021 voru þau 601 (Mynd 16). Á Grundartanga störfuðu um 1.100 manns á miðju ári 2022 (þg, 2022).

Sjúkrahús Vesturlands tók til starfa í nýrri byggingu um miðja 20. öldina en það var afhent fullgert og skuldlaust í árslok 1949. Átti Haraldur Böðvarsson stóran þátt í því að klára fjármögnun þess en þetta var ekki eina gjöf Haraldar til samfélagsins á meðan hann lifði (Guðmundur Gíslason Hagalín, 1965, bls. 334). Starfsmenn sjúkrahússins á Akranesi voru 187 talsins árið 2020 í 131 stöðugildi. Sjúkrahúsið er núna rekið undir merkjum Heilbrigðisstofnunar Vesturlands sem rekur einnig alla heilsugæslu og sjúkrahús á Vesturlandi, Ströndum og Húnaþingi vestra (HVE, 2020, bls. 11). Athygli vekur að stöðugildum virðist hafa fækkað um a.m.k. 50 frá miðjum 9. áratugnum og þá eru tölurnar bara fyrir Sjúkrahús Akraness (Mynd 9).


Samningur var gerður á milli Menntamálaráðuneytisins og Akraneskaupstaðar um stofnun Fjölbautaskóla Vesturlands á Akranesi árið 1977. Tólfta september sama ár var skólinn settur og stunduðu 180 nemendur nám þar. Tuttugu árum seinna voru brautskráðir nemendur orðnir 1.800. Á hverjum tíma hafa nemendur verið flestir um 700 talsins fram til aldamóta en árið 2020 voru þeir 440 (FVA, 2022). Árið 2021 voru 57 stöðugildi við skólann, þar af rúmlega 40 kennarastöður (Steinunn Inga Óttarsdóttir, 2022) og hafði þeim fjölgað lítið eitt frá 2015 (Ágústa Elín Ingbórsdóttir, 2016). Landmælingar Íslands fluttu á Akranes árið 1999 og árið 2015 voru þar 26 starfsmenn (Steinunn

³ Tölur yfir fjölda báta eru einkennilegar þegar borin eru saman tímabilin 1992-1998 og 1999-2021. Fyrra tímabilið byggir mest á gögnum Fiskifélags Íslands en seinna á tölum Hagstofu Íslands. Svo virðist sem talningar séu ólíkar og erfitt var að samræma þær. Þróun beggja tímabila sýna fækkun fiskiskipa.

Aradóttir, 2016). Í Ársskýrslu voru taldir upp 24 starfsmenn fyrir árið 2021 (LMÍ, 2022) en 30 ársverk árið 2000 (LMÍ, 2001).

4.2.2 SKORRADALSHREPPUR


Skorradalshreppur hefur verið að fá flesta til sín úr Hafnarfjarðarkaupstað þegar horft er til alls tímabilsins (Mynd 11 eða Mynd 40). Að vísu dró úr því á seinna tímabilinu (2017-2021) og nágrannasveitarfélögin Borgarbyggð og Akraneskaupstaður voru öflugri bakhjarlar Skorradalshrepps að þessu leyti. Á fyrra tímabilinu var mestur straumurinn frá Skorradalshreppi til Borgarbyggðar en þekkt er að tölfraði fyrir fámenn samfélög eins og Skorradalshrepp getur sveiflast mikið til með tilviljunarkenndum hætti, jafnvel yfir langt tímabil, og því erfitt að túlka tölurnar svo vit sé í.



Mynd 11: Flutningsjöfnuður Skorradalshrepps gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.
Gögn Hagstofu Íslands. Hér voru valin þau fimm sveitarfélög þar sem flutningsjöfnuður var hagstæðastur og óhagstæðastur.

Flæði fólks frá útlöndum er ekki eins áberandi þáttur í toppum og botnum Skorradalshrepps eins og annarra sveitarfélaga á Vesturlandi. Skorradalshreppur er helst að missa fáeina frá sér til útlanda, bæði fólk með innlent og erlent ríkisfang.


Vægi flutningsjafnaðar sveiflaðist mikið í Skorradalshreppi eins og búast mátti við í svo fámennu samfélagi (Mynd 12). Það var mest og hagfelldast 17,5% árið 1986 og minnst og óhagfelldast -20% árið 2003. Meðaltal þess bendir til að það hafi verið jákvætt en leitnin að það hafi heldur verið neikvæðara á seinni hluta tímabilsins en því fyrra. Ekki voru mörg sveitarfélög á Vesturlandi með jákvætt meðaltal og ekki voru heldur mörg sveitarfélög með neikvæða leitni (Tafla 1).



Mynd 12: Vægi flutningsjafnaðar og hreyfanleiki íbúanna í Skorradalshreppi 1986-2021.

Gögn Hagstofu Íslands. Tölurnar eru hlutfall af íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags. Gráa brotalínan til vinstri er Vesturland.

Fjöldi aðfluttra sveiflaðist líka mikið í hreppnum þegar hann var reiknaður sem hlutfall af íbúafjölda (Mynd 12, t.h.). Hæst var hlutfallið 33% árið 2003 og 2012 og lægst 0% árin 1987 og 1989 enda er staðalfrávik hátt í Skorradalshreppi og reyndar hæst af öllum sveitarfélögum Vesturlands (Tafla 3). Sveiflan var líka mikil á brottfluttum á þennan hátt. Hæstu og lægstu gildin voru þau sömu og fyrir fjölda aðfluttra en staðalfrávikðið herra (Tafla 4), sem rakið verður m.a. til árunna 1999, 2006 og 2019. Í Skorradalshreppi voru bæði þessi meðaltöl samt lægri en Vesturlands alls.



Mynd 13: Fjöldi sumarhúsa í Skorradalshreppi 2005-2022.

Gögn HMS

Í Skorradalshreppi var vægi flutningsjafnaðar jákvætt um 0,1% árin 1986-2021 en þróunin var neikvæð um -0,03% á tímabilinu og var þróunin bara neikvæðari í einu sveitarfélag á Vesturlandi (Tafla 1). Mikil óvissa er samt í þessum tölum yfir Skorradalshrepp.

Miklar sveiflur og óvissa hefur verið í flutningsjöfnuði Skorradalshrepps sem vart verða rakin til annars en fámennis sveitarfélagsins. Skorradalshreppur byggir á hefðbundnum landbúnaði sem hefur haft vindinn heldur í fangið frá upphafi 9. áratugar 20. Aldar. Svo er mikil sumarhúsabyggð þar sem hefur vissulega mikil áhrif á fjárhagslega getu sveitarfélagsins í gegnum hærri fasteignaskatta en sumarhúsum hefur ekki fjölgað að ráði s.l. 12 ár (Mynd 13).

Tafla 7: Álagning A-flokks fasteignaskatts í sumarhúsaríkustu sveitarfélögum 2020


Byggt á gögnum Þjóðskrár og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Sveitarfélög	Fjöldi sumarhúsa 2019	Álagning A-flokks fasteignaskatts 2020
Grímsnes-og Grafningshreppur	2.908	0,465%
Bláskógabyggð	1.993	0,500%
Borgarbyggð	1.368	0,360%
Kjósarhreppur	584	0,400%
Rangárþing ytra	558	0,360%
Skorradalshreppur	544	0,350%
Hvalfjarðarsveit	475	0,400%
Rangárþing eystra	377	0,350%
Hrunamannahreppur	365	0,490%
Þingeyjarsveit	330	0,625%

Athygli vekur að í Skorradalshreppi, sem er bæði landrýrt og fámennt sveitarfélag, voru 544 sumarhús árið 2020 og aðeins voru fleiri sumarhús í fimm öðrum sveitarfélögum á landinu (Tafla 8). Athygli vekur líka að Skorradalshreppur er með lægstu álagða fasteignaskatta á sumarhúsin, svona rétt eins og þeir vildu gjarnan fjölga sumarhúsum enn meira, á meðan Þingeyjarsveit er með hæstu álagninguna eins og þeir vildu gjarnan hafa fjölgun sumarhúsa hófstilla. Fljótt á litnið virðist þessi breidd í verð-/álagningu ekki benda til þess að mikil og hörð samkeppni sé um fólk sem kys að eiga sumarhús.


4.2.3 HVALFJARÐARSVEIT

Flutningsjöfnuður Hvalfjarðarsveitar gagnvart útlöndum var 92 á árunum 1986-2016 ef eingöngu var horft til fólks með erlent ríkisfang (Mynd 14). Hann var 71 íbúi gagnvart þeim fimm innlendu sveitarfélögum samanlagt sem höfðu óhagstæðastan flutningsjöfnuð gagnvart Hvalfjarðarsveit þessi árin. Flutningsjöfnuður var óhagstæðastur gagnvart Akraneskaupstað á þessu tímabili og næst óhagstæðastur gagnvart Reykjavíkurborg. Þá tapaði sveitarfélagið 35 íbúum með innlent ríkisfang til útlanda. Annars voru það þrjú sveitarfélög af höfuðborgarsvæðinu sem voru meðal þeirra fimm sem Hvalfjarðarsveit laut hvað mest í lægra haldi fyrir á þennan hátt. Grímsnes- og Grafningshreppur var í fimmta sæti á þessum lista sem er athyglisvert þegar þetta er borið saman við Akraneskaupstað þar sem voru bara sveitarfélög af höfuðborgarsvæðinu (Mynd 7, t.v.). Þá voru fjögur sveitarfélög á Vesturlandi á lista Akraneskaupstaðar yfir þau fimm sem kaupstaðurinn hafði hagstæðastan flutningsjöfnuð gagnvart en bara eitt á lista Hvalfjarðarsveitar.



Mynd 14: Flutningsjöfnuður Hvalfjarðarsveitar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.
Gögn Hagstofu Íslands. Hér voru valin þau fimm sveitarfélög þar sem flutningsjöfnuður var hagstæðastur og óhagstæðastur.

Hvalfjarðarsveit hélt áfram að missa flesta til Akraneskaupstaðar sl. fimm ár en ekkert sveitarfélag af höfuðborgarsvæðinu var á lista þeirra fimm sveitarfélaga sem Hvalfjarðarsveit missti flesta til, ólíkt því sem áður var. Hins vegar var Borgarbyggð að finna á þessum lista og því algjör umskipti gagnvart henni.




Mynd 15: Vægi flutningsjafnaðar og hreyfanleiki íbúanna í Hvalfjarðarsveit 1986-2021.
Gögn Hagstofu Íslands. Tölur eru hlutfall af íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags.

Á þessu tímabili var flutningsjöfnuður Hvalfjarðarsveitar gagnvart útlöndum jákvæður af íbúum með innlent ríkisfang en hann hafði verið neikvæður á fyrra tímabilinu. Er þarna um umskipti að ræða, einkum ef tekið er tillit til þess að seinna tímabilið er aðeins fjórðungur af lengd fyrra tímabilsins. Þegar

horft er til sveitarfélaga sem Hvalfjarðarsveit hafði hagstæðastan flutningsjöfnuð gagnvart þá var Reykjavíkurborg efst og hún því farin að veita fólki inn í sveitarfélagið í stað þess að draga frá því eins og áður var. Annars var bara að finna sveitarfélög af stór-höfuðborgarsvæðinu á þessum lista auk Skagafjarðar. Þetta er um margt líkt því sem gerst hefur í Akraneskaupstað, þar sem stór-höfuðborgarsvæðið er farið að veita íbúum til sveitarfélagsins í stað þess að lokka frá því. Þó eru ennþá tvö sveitarfélög á Vesturlandi sem þáðu mest af Hvalfjarðarsveit meðan það var ekkert í Akraneskaupstað en svo voru sveitarfélög á Suðurlandi stærstu þiggjendur Hvalfjarðarsveitar líkt og Akraneskaupstaðar.

Flutningsjöfnuður Hvalfjarðarsveitar var lægstur -8,4% árið 2008 (Mynd 15, t.v.). Þá tapaði sveitarfélagið 8,4% af íbúum sínum vegna brottflutnings eftir að fjöldi aðfluttra hafði verið dreginn frá. Hæstur var hann hins vegar 6,5% árið 2021. Þá var hann neikvæður upp á hálft prósent að jafnaði árlega allt tímabilið en fór hækkandi (Tafla 1). Það sést m.a. á því að hann var nokkuð oft neikvæður fram til ársins 2000 en oftast jákvæður eftir það. Hann hefur hins vegar verið sveiflukenndur sem sést m.a. á samanburðinum við Vesturland allt (gráa brotalínan). Einnig á því að staðalfrávikidi er þar með því hæsta á Vesturlandi (Tafla 1).



Mynd 16: Meðalfjöldi starfsmanna (ársverk) hjá völdum fyrirtækjum í Hvalfjarðarsveit.

Gögn Frjáls Framtaks hf. gefin út í tímaritinu Frjáls verslun viðkomandi ár. Gögn fundust bara á þeim árum sem punktur stendur við.

Þegar horft er til atvinnulífsins í Hvalfjarðarsveit á viðkomandi tímabili munar sjálfsagt mest um umsvifin og uppbygginguna á Grundartanga. Uppbygging á Grundartanga hófst á byggingu járnblendiverskmiðju þar 1977 eins greint var frá í kaflanum um Akranes. Helstu vörður eru að fyrsti ofninn af þremur var tekinn í notkun 1979, annar 1980 og þriðji 1999 (Elkem, 2022). Ekki fengust upplýsingar um fjölda starfsmanna í járnblendinu frá upphafi en frá 1986 fækkaði þeim stöðugt fram til ársins 1993. Þeim fjölgaði síðan hægt og bítandi fram til ársins 1999. Fjölgunin var mikil á milli árunna 1999 og 2000 en síðan sveiflukennd (Mynd 16).

Árið 1998 hóf Norðurál starfsemi sína og gat þá framleitt 60.000 tonn af áli árlega. Síðan hefur álverið stækkað í nokkrum aðgerðum, fyrst sumarið 2001 og þá jókst framleiðslan í 90.000 tonn, næst árið 2006

Þegar framleiðslan var aukin í 220.000 tonn og ári síðar í 260.000 tonn en árið 2013 var ársframleiðsla komin í 290.000 tonn ("Norðurál," 2022). Árið 2017 var framleiðslan komin í 317.000 tonn af áli og starfsmenn 600 talsins og hefur lítið breyst síðan ("Norðurál," 2022). Samkvæmt tölum Frjálsrar verslunar voru starfsmenn Norðuráls 168 árið 1999, 215 árið 2001, 376 árið 2006, um 550 árið 2014 (Mynd 16) og því um verulega fjölgun að ræða frá upphafi.


Þessi þróun á Grundartanga verður hins vegar ekki svo auðveldlega tengd flutningsjöfnuði Hvalfjarðarsveitar þó svo vissulega hafi hann aldrei orðið eins jákvæður og árið 2007 (Mynd 15, t.v.) eftir stóra stækkun Norðuráls. Þetta ár (eða þar um bil) náði hann hámarki líka í öðrum sveitarfélögum sem eru á áhrifasvæði höfuðborgarinnar. Flutningsjöfnuðurinn varð aldrei hærri en 2007 og aldrei lægri en 2008 sem var reyndar versta ár fjármálakreppunnar. Þá er líka undarlegt að flutningsjöfnuðurinn hafi ekki verið hagfelldari í Hvalfjarðarsveit árið 1997 eða 1998 þegar Norðurál hóf starfsemi sína ásamt því að Hvalfjarðargögnin opnuðu. Flutningsjöfnuðurinn lagaðist á árunum 1996-2000 en ekki mikið.

Aðfluttir í Hvalfjarðarsveit voru að jafnaði 13,5% af heildarfjölda íbúa á tímabilinu og fór fjölgandi (Tafla 3). Brottfluttir voru hins vegar 14%.

Sveiflurnar á flutningsjöfnuði Hvalfjarðarsveitar eru keimlíkar því sem hefur verið í Akraneskaupstað varðandi fylgni við hagsveiflurnar og að því leyti er Hvalfjarðarsveit í samskonar hlutverki og aðrar ytri jaðarbyggðir höfuðborgarsvæðisins sem taka yfirfallið af höfuðborgarsvæðinu.

4.2.4 BORGARBYGGÐ

Í Borgarbyggð komu flestir aðfluttir umfram brottflutta (304) frá útlöndum árin 1986-2016, eða 429-125 (Mynd 17, t.v.). Síðan var það fólk úr Dalabyggð, Norðurþingi, Eyja- og Miklaholtshreppi, Vesturbyggð og Múlaþingi. Sveitarfélagið missti hins vegar flesta til þriggja sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Akraness og Akureyrar, sé stuðst við flutningsjöfnuð Borgarbyggðar gagnvart öðrum sveitarfélögum.



Mynd 17: Flutningsjöfnuður Borgarbyggðar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.


Gögn Hagstofu Íslands. Hér voru valin þau fimm sveitarfélög þar sem flutningsjöfnuður var hagstæðastur og óhagstæðastur.

Á nýliðnu fimm ára tímabili hafði ekki mikið breyst í Borgarbyggð frá fyrra tímabili, hvað þetta snerti, nema að Sveitarfélagið Árborg virtist nú vera meðal þeirra fimm sveitarfélaga sem Borgarbyggð þurfti

að lúta í lægra haldi fyrir er varðar samkeppni um íbúana (Mynd 17). Þá voru útlönd farin að skaffa nýja íbúa af innlendum uppruna en á fyrra tímabilinu tapaði Borgarbyggð innlendum íbúum beint til útlanda. Athyglisvert var að sjá fleiri sveitarfélög af Vesturlandi en Dalabyggð vera meðal þeirra fimm sveitarfélaga sem Borgarbyggð var með hagstæðastan flutningsjöfnuð gagnvart (Mynd 17, t.h.).

Fjöldi aðfluttra sem hlutfall af íbúum var í kringum 10% í upphafi tímabilsins en jókst nokkuð ört fram til 2007 þegar hlutfallið fór vel yfir 25% (Mynd 18, t.h.). Þá dró úr þessum hreyfanleika en síðan hefur hann þokast upp á við og hefur verið í kringum 20%. Grófu línunum varðandi hlutfall brottfluttra verður lýst með áþekkingum hætti. Athygli vekur samt breytingin á milli árána 2020 og 2021. Þá dró úr fjöldi aðfluttra en það dró miklu meira úr fjölda brottfluttra og útskýrir sá munur þetta jákvæða stökk í flutningsjöfnuði á milli árána.

Flutningsjöfnuður Borgarbyggðar gagnvart öllum sveitarfélögum samanlagt og útlöndum var lægstur og óhagfelldastur -5,8% af íbúafjölda sveitarfélagsins árið 2008 (Mynd 18, t.v.). Þá tapaði sveitarfélagið 5,8% af íbúum sínum vegna brottflutnings eftir að fjöldi aðfluttra hafði verið dreginn frá. Hæstur varð flutningsjöfnuðurinn 4,9% árið 2005 og 2,7% var hann árið 2021. Flutningsjöfnuðurinn var -0,3% yfir allt tímabilið en þróunin samkvæmt leitninni var jákvæð upp á 0,06% árlega (Tafla 1). Þróunina sjáum við einnig myndrænt þar sem flutningsjöfnuður sem hlutfall af íbúum var yfirleitt neikvæður framan af tímabilinu en jákvæður á því seinna ef horft er framhjá því sem gerðist í bankahrununum og covid-kreppunni (Mynd 18, t.v.). Þróunin í Borgarbyggð er nokkuð áþekking því sem var á Vesturlandi öllu (gráa brotalínan). Helstu frávikin er að finna í fyrirnefndum kreppum sem og við „hástökkið“ 2005.




Mynd 18: Vægi flutningsjafnaðar og hreyfanleiki íbúanna í Borgarbyggð 1986-2021.

Gögn Hagstofu Íslands. Tölurnar eru hlutfall af íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags. Gráa brotalínan til vinstri er Vesturland.

Frávik Borgarbyggðar á þensluskeiðunum í aðdraganda bankahrunsins og Covid-faraldursins og botna samdráttarskeiðanna sem fylgdu á eftir má að miklu leyti rekja til atvinnuuppbyggingar í sveitarfélaginu og nálægðar við höfuðborgarsvæðið. Á fyrra skeiðinu var mikill vöxtur í byggingar- og mannvirkjagerð sem urðu síðan hart úti í fjármálakreppunni sem fylgdi. Í Borgarbyggð störfuðu margir verktakar í þeirri atvinnugrein ásamt stórum fyrirtækjum eins og Loftorku sem framleiddi húseiningar og Límtré-Vírnets sem framleiddi klæðningar á hús ásamt fleiru. Óvenju mikill fjöldi sumarhúsa í Borgarfirði hefur gert

Það að verkum að iðnaðarmenn og litlir verktakar hafa haft næg verkefni og nálægð við Grundartanga einnig. Mikill vöxtur ferðaþjónustunnar í kjölfar fjármálakreppunnar renndi stoðum undir jákvæðan flutningsjöfnuð í Borgarbyggð en magnaði hana svo verulega þegar Covid-faraldurinn reið yfir því ferðaþjónusta er stór atvinnugrein í sveitarfélaginu. Yfir og allt um kring hefur sveitarfélagið síðan notið fólksfjölgunar sem tengja má „andborgarmyndun“ og þess að fólk hefur leitað meira út á jaðra höfuðborgarsvæðisins eftir búsetu sem að hluta til er vegna lítills framboðs á húsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Nálægð við Grundartanga og uppbyggingin þar hefur trúlega slegið á ýmis neikvæð áhrif í Borgarbyggð.

Dregið verður nú upp stutt yfirlit þróunar atvinnulífsins í Borgarbyggð í þeirri viðleitni að leita tilgátta fyrir sveiflum í flutningsjöfnuði þar. Fyrri hluti þessa tímabils markast af miklum umskiptum hjá Kaupfélagi Borgfirðinga en þar störfuðu 274 í lok áttunda áratugar 20. aldar en árið 2004 voru fimm starfsmenn (Egill Ólafsson & Heiðar Lind Hansson, 2017, bls. 378). Haustið 1988 upplýsti kaupfélagsstjóri stjórn þess um erfiða lausafjárstöðu sem rekja mátti m.a. til byggingar nýs húss Mjólkursamlags og ráðist var í hagræðingaradgerðir. Kaupfélagið seldi frá sér eignir, losaði um skuldir og fækkaði fólki. Meðal adgerða var að eignarhlutur KB í Hyrnni var seldur Olúfélaginu 1993 og síðan var ákveðið að fara með Mjólkursamlagið í úreldingu haustið 1994. Hluti fjárens var nýttur til að stofna matvælafyrirtækið Engjaás ehf. og verja þar með þau störf sem töpuðust vegna úreldingarinnar. Ásamt KB voru MS og Mjólkurbú flóamanna hluthafar. Engjaás ehf. framleiddi pítsur, morgunkorn, sultur, grauta, kakó og tappaði áfengi en reksturinn gekk illa og var honum hætt árið 2000. (Egill Ólafsson & Heiðar Lind Hansson, 2017, bls. 362-379) Á tölum úr Frjálsri verslun sést að starfsfólki KB fækkaði strax 1989 en fjölgaði svo lítið eitt fram til 1992 en eftir það fækkaði því mjög mikið með fáeinum hléum (Mynd 19).



Mynd 19: Meðalfjöldi starfsmanna (ársverk) hjá völdum fyrirtækjum í Borgarbyggð.

Gögn Frjáls Framtaks hf. gefin út í tímaritinu Frjáls verslun viðkomandi ár. Gögn fundust bara á þeim árum sem punktur stendur við.

En það var fleira sem gerjaðist í atvinnulífinu á þessum árum. Fataiðnaðurinn hafði verið nokkuð stór í Borgarnesi á 20. öldinni. Kaupfélagið hóf fataframleiðslu árið 1937 sem stóð fram eftir sjötta áratugnum.

Þess utan setti iðnaðardeild Sambands íslenskra samvinnufélaga upp fataverksmiðjuna Vör í Borgarnesi 1963 en hætti rekstri hennar 1968. Árið 1971 gerði SÍS aðra tilraun og setti upp húfuverksmiðjuna Hött og starfaði hún í 10 ár. Árið 1970 var Þrjónaverksmiðja Borgarness stofnuð. Reksturinn gekk vel og skilaði verksmiðjan hagnaði fram til ársins 1984. Árið 1986 voru rúmlega 40 starfsmenn hjá fyrirtækinu en árið 1987 var öllum sagt upp. Erfiðleikar voru komnir upp í þrjónaiðnaði á Íslandi eins og áður sagði og hætti fyrirtækið rekstri 1990. Þá kom bærinn að því að endurvekja fataframleiðslu í Borgarnesi 1991 en varð gjaldþrota 1992. Á grunni þess var Angórufatnaður hf. stofnaður sem Max hf. keypti seinna og var framleiðslan í rekstri fram yfir aldamót. (Egill Ólafsson & Heiðar Lind Hansson, 2017, bls. 279-282)

Á sjöunda áratugnum urðu til þrjú fyrirtæki í Plastiðnaði í Borgarnesi og var Borgarplast þeirra stærst. Þau voru aldrei mannaflsfræk og árið 2007 hætti Borgarplast alveg starfsemi sinni í Borgarnesi en hélt áfram í Mosfellsbæ. (Egill Ólafsson & Heiðar Lind Hansson, 2017, bls. 295-296)

Flutningsjöfnuður hafði lagast í Borgarbyggð á árunum 1986-1992 en eftir það versnaði hann til ársins 1995. Samkvæmt áramótaútgáfu Frjálsrar verslunar fyrir 1992 og 1994 ("Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum," 1993; "Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum," 1995) fækkaði t.d. starfsmönnum KB úr 255 í 167 á milli þessara ára og var það fyrsta stóra hagræðingaraðgerðin sem beindist að starfsmönnum frá árinu 1987, samkvæmt þessu sama riti, öll árin þarna á milli. Á sama tíma var fataverksmiðja að fara á hausinn 1992 og ný að verða til á grunni hennar og erfiðleikar í þrjónaiðnaði á Íslandi mögulega farnir að lækka laun og skapa óryggi meðal íbúa sem á iðnaðinum byggðu. Einnig var Mjólkursamlagið úrelt 1994 en frá 1995 fór flutningsjöfnuður að lagast hægt og bítandi fram að aldamótum. Gróf tilgáta hefur síðan verið sett fram er varðar þróunina frá aldamótum sem byggði m.a. á uppbyggingu byggingariðnaðarins (Mynd 19), nálægð við Grundartanga (Mynd 16) opnun Hvalfjarðarganganna og nálægð við höfuðborgarsvæðið.


4.2.5 EYJA- OG MIKLAHOLTSHREPPUR

Eyja- og Miklaholtshreppur tapaði flestum íbúum til Reykjavíkurborgar og Borgarbyggðar á tímabilinu 1986-2016 þegar horft er til flutningsjafnaðar sveitarfélagsins gagnvart völdum sveitarfélögum (Mynd 20, t.v.). Svo tapaði hann næst flestum til Akraneskaupstaðar, Reykjanesbæjar og Stykkishólmsbæjar. Flestir komu íbúarnir frá útlöndum eins og til margra annarra sveitarfélaga á Vesturlandi. Af innlendum sveitarfélögum komu flestir frá Hafnarfjarðarkaupstað líkt og var hjá Skorradalshreppi. Ekki er vitað hvort það er tilviljun eða eitthvað mynstur sem lesa má í.

Á seinna tímabilinu var margt líkt því fyrra nema hvað að Reykjavíkurborg og Akraneskaupstaður fóru úr hópi þeirra fimm sveitarfélaga sem drógu flesta íbúa úr hreppnum í hóp þeirra fimm sveitarfélaga sem sköffuðu flesta. Grundarfjarðarbær sýndi gagnstæða þróun. Áfram komu samt flestir frá útlöndum, með erlendan ríkisborgararétt. Þá héldu Stykkishólmsbær og Borgarbyggð áfram uppi meira aðdráttarafli gagnvart Eyja- og Miklaholtshreppi. Athygli vekur hvað þau sveitarfélög og útlönd, sem draga til sín hvað flesta á seinni tímabilinu, draga hlutfallslega mun færri til sín en á fyrra tímabilinu og jafnvel þó miðað sé við þau sveitarfélög og útlönd sem veita flestum til þess. Það gæti bent til þess að sveitarfélagið sé meira aðlaðandi en fyrr.

Flutningsjöfnuður Eyja- og Miklaholtshrepps samanlagður gagnvart öllum sveitarfélögum og útlöndum var lægstur -15,1% af íbúafjölda sveitarfélagsins árið 2021 (Mynd 21, t.v.). Þá tapaði sveitarfélagið 15,1% af íbúum sínum vegna brottflutnings eftir að fjöldi aðfluttra hafði verið dreginn frá. Þetta gerðist bæði fyrir tilstilli þess að á milli árunum 2020 og 2021 fækkaði aðfluttum en brottfluttum fjölgaði að sama skapi (Mynd 21, t.h.). Íbúum hreppsins fjölgaði hins vegar mest um 13,5% árið 2008. Þá var 2003 líka gott ár þegar flutningsjöfnuður var 11,5%. Á þessu sést að það er oft stórra högga á milli í svona


fámennu samfélagi eins og Eyja- og Miklaholtshreppi þar sem svona hlutfallstölur geta verið háar frá einu ári til annars vegna þess að ekki þarf marga til að hreyfa við hlutum þegar þeir eru mældir svona.



Mynd 20: Flutningsjöfnuður Eyja- og Miklaholtshrepps gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.

Gögn Hagstofu Íslands. Hér voru valin þau fimm sveitarfélög þar sem flutningsjöfnuður var hagstæðastur og óhagstæðastur.

Að jafnaði var flutningsjöfnuður Eyja og Miklaholtshrepps -2,7% af heildaríbúafjölda árin 1986-2021 sem er lang lægsta gildið á Vesturlandi og lang óheppilegasta útkoman sé eingöngu horft til þess. Þróunin var samt lítið eitt jákvæð þegar stuðst er við leitnina (Tafla 1).




Mynd 21: Vægi flutningsjafnaðar og hreyfanleiki íbúanna í Eyja- og Miklaholtshreppi 1986-2021.

Gögn Hagstofu Íslands. Tölurnar eru hlutfall af íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags. Gráa brotalínan til vinstri er Vesturland.

Aðfluttir sem hlutfall af heildaríbúafjölda voru í upphafi tímabilsins rétt rúm 10% (Mynd 21, t.h.). Hlutfallið lækkaði fljótlega undir 10% á meðan fleiri fluttu brott. Síðan jafnaðist bilið á milli þróunarferla aðfluttra og brottfluttra þó svo borið hafi mikið í milli annað slagið. Hins vegar hefur hreyfanleiki aukist mikið til og frá sveitarfélaginu þegar þessar tölur eru skoðaðar ásamt leitninni (Tafla 3 & Tafla 4), eins og víða annars staðar á Vesturlandi.

4.2.6 GRUNDAFJARÐARBÆR

Þegar flutningsjöfnuður Grundarfjarðarbæjar er brotinn upp eftir sveitarfélögum og útlöndum sést að hann tapaði flestum íbúum til sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu árin 1986-2016, einkum til Reykjavíkurborgar (Mynd 22, t.v.). Reykjanesbær var líka á meðal þeirra fimm sveitarfélaga sem höfðu mest aðdráttarafl á íbúa Grundarfjarðarbæjar. Flestir komu íbúarnir frá útlöndum til Grundarfjarðarbæjar á viðkomandi tímabili. Tvö sveitarfélög á Vestfjörðum voru meðal þeirra fimm sem sköfufu flesta íbúa til Grundarfjarðar, eitt af Norðurlandi vestra, eitt af Austfjörðum og eitt af Vesturlandi.




Mynd 22: Flutningsjöfnuður Grundarfjarðarbæjar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.

Gögn Hagstofu Íslands. Hér voru valin þau fimm sveitarfélög sem flutningsjöfnuður var hagstæðastur og óhagstæðastur.

Á seinna tímabilinu héldu sveitarfélög af höfuðborgarsvæðinu áfram að skipa sér í raðir þeirra fimm sem drógu til sín flesta íbúa frá Grundarfjarðarbæ ásamt Reykjanesbæ en Akureyrarbær gerði sig að þessu sinni gildandi í þeim hópi (Mynd 22, t.h.). Flestir komu íbúarnir frá útlöndum og Vesturbyggð sem fyrr en Stykkishólmsbær, Árborg, Eyja- og Miklaholtshreppur ásamt Fjallabyggð bættust við í hóp þeirra fimm sveitarfélaga sem brottfararstaður flestra nýrra íbúa Grundarfjarðarbæjar.

Samanlagður flutningsjöfnuður Grundarfjarðarbæjar fyrir öll sveitarfélög og útlönd var lægstur -4,9% af íbúafjölda sveitarfélagsins árið 2013 (Mynd 23, t.v.). Þá tapaði sveitarfélagið 4,9% af íbúum sínum vegna brottflutnings eftir að fjöldi aðfluttra hafði verið dreginn frá. Jákvæðastur var flutningsjöfnuðurinn hins vegar 3,6% árið 1987 og 1993. Eftir aldamótin var hann hagstæðastur 2,6% árið 2005 og 2,2% árið 2014. Árið 2021 var hann -3,1%. Á milli árunna 2020 og 2021 fjölgaði aðfluttum en brottfluttum fjölgaði mun meira. Í upphafi tímabilsins sveiflaðist fjöldi brottfluttra og aðfluttra sem

hlutfall af íbúatölu Grundarfjarðarbæjar á bilinu 15-25% en hafði lækkað á seinni hluta þess og var 15-20% (Mynd 23, t.h.). Því má segja að dregið hafi úr hreyfanleika íbúanna.




Mynd 23: Vægi flutningsjafnaðar og hreyfanleiki íbúanna í Grundarfjarðarbæ 1986-2021.

Gögn Hagstofu Íslands. Tölurnar eru hlutfall af íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags. Grúa brotalínan til vinstri er Vesturland.

Fyrir aldarmót var flutningsjöfnuður í Grundarfjarðarbæ yfirleitt jákvæður. Neikvæðastur var hann árið 1997 en hann var líka óvenju neikvæður 1988 og 1990. Það má trúlega rekja til gjörbreytts rekstrarumhverfis í sjávarútvegi á landinu öllu og hagræðingar sem ráðist var í eins og víða annars staðar á landinu. Í lok áttunda og níunda áratugarins og byrjun þess tíunda voru ársverk í sjávarútvegi vel yfir 200 talsins og þá bara horft til fjögurra stórra fyrirtækja í greininni (Mynd 25).

Flutningsjöfnuður var óvenju neikvæður (-4,8%) árið 2003. Það er reyndar sama ár og flutningsjöfnuðurinn var óhagfelldastur í Stykkishólmsbæ og höfundur gerði sér far um að tengja við stöðvun á veiðum hörpuskeljar í Breiðafirði. Sá atburður kann að hafa haft neikvæð áhrif í Grundarfjarðarbæ þar sem 20% af nýtingu skeljarinnar fór þar fram en samkvæmt tölum Fiskistofu voru skelbætur á útgerðir í Grundarfjarðarbæ 19% af samanlögðum skelbótum þar og útgerða í Stykkishólmsbæ. Ári seinna voru skelbætur Grundfirðinga 27% lægri en þær voru 2003 en 19% í Stykkishólmi af óþekktum ástæðum. Síðan þróaðist magn skelbóta í Grundarfjarðarbæ annað hvort með sama hætti, oftast neikvætt, og í Stykkishólmsbæ á milli ára eða verr fram til ársins 2011. Mögulegt er að menn hafi vanmetið áhrif þessara 20% nýtingar á hörpuskel í Grundarfjarðarbæ vegna þess að hagkerfið þar er miklu meira og háðara sjávarútvegi en í Stykkishólmi, þó svo ekki verði á nokkurn hátt gert lítið úr alvarleika áfallsins í Stykkishólmi.

**Mynd 24: Landvinnsla og fjöldi báta í Grundarfjarðarbæ**


Gögn Hagstofu Íslands og Fiskifélags Íslands. Tölur yfir fjölda báta 1992-1997 komu frá Fiskifélaginu, annað frá Hagstofunni. Tölur yfir landvinnslu voru fengnar í töflu sem Hagstofan kallar afli eftir tegund vinnslu, fisktegundum á Akranesi.

Tafla 8: Stöðugildi sveitarfélaga á Vesturlandi 2002-2021

Gögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tölur sóttar í Árbók Sambandsins ár hvert. Eingöngu er að finna sveitarfélög með gögn.

Ár	Akranes- kaupstaður	Borgar- byggð	Dalabyggð	Grundar- fjarðarbær	Hvalfjarðar- sveit	Snæfells- bær	Stykkishól- ms-bær
2002	262,30	164,00	37,50	54,30	14,50	116,90	99,10
2003							
2004	290,40	169,10	37,50	61,10		132,70	96,50
2005	286,00	178,24	40,58	55,71		132,70	96,50
2006	297,68	184,83	29,17	58,12		120,72	94,00
2007	296,20	215,00	50,20	62,23	38,13	124,76	98,50
2008	315,90	229,60	51,91	60,43	43,80	134,90	99,88
2009	332,60	224,95	56,16	58,30	43,30	136,60	99,40
2010	336,80	210,30	64,44	56,90	57,00	133,97	96,16
2011	391,10	221,55	57,45	53,80	38,00	143,09	98,00
2012	399,35	222,03	50,70	49,97	42,30	146,23	98,77
2013	409,60	227,45	54,10	54,84	42,24	145,19	100,50
2014	410,30	237,55	51,60	54,96	46,80	145,42	88,90
2015	432,55	249,50	53,20	56,41	48,83	141,69	104,26
2016	405,73	243,35	52,80	55,98	48,68	142,37	102,98
2017	406,25	247,58	56,40	56,45	44,70	139,63	105,58
2018	416,12	270,75	55,10	57,80	48,30	148,76	109,13
2019	461,19	290,20	53,70	58,09	46,40	144,40	
2020	554,59	307,57	56,00	61,82	41,99	145,12	115,60
2021	496,54	283,44	56,60	62,96	48,30	147,33	116,09

Flutningsjöfnuður náði samt að verða strax aftur jákvæður 2005 en Framhaldsskóli Snæfellinga hóf göngu sína 2004 (gag, 2004, bls. 12). Þá vekur athygli að Grundfirðingar héldu áfram að vinna skeldýr í um 15 ár eftir að veiðum á hörpuskelinni var hætt (Mynd 24) ólíkt því sem Hólmarar gerðu sem hættu alveg (Mynd 35). Það var samt rúmlega helmingur af því sem áður var að jafnaði fram til ársins 2008. Vinnsla á botnfisktegundum var samt eitthvað meiri fram til ársins 2009 en vinnsla á þorski minni. Þá fækkaði fiskibátum í Grundarfjarðarbæ úr 45 í 39 á milli árunna 2004 og 2005 og hélt áfram að fækka til 2009 þegar þeir voru 33. Þar munaði mest um fækkun togara úr þremur í einn og síðan smábáta. Fiskiskipum fjölgaði aftur 2009 fram til 2012 og á sama tíma jókst vinnsla skeldýra og þorsks en samt var flutningsjöfnuðurinn neikvæður á þessu tímabili. Fjármálakreppan í kjölfar bankahrunsins 2008 varð fjárhag Grundarfjarðarbæjar erfið vegna erlendra lána en krónan veiktist þá um rúm 50%. Það kann að hafa kallað á neikvæðar aðhaldsaðgerðir sveitarfélagsins en samkvæmt Árbók Sambands íslenskra sveitarfélaga voru stöðugildi hjá bænum 62,23 árið 2007 en fækkaði eftir það og urðu fæst 49,97 árið 2012 (SÍS, 2008, 2013) og er það um 20% fækkun sem er mikið þegar haft er í huga að sveitarfélög eru orðin einn stærsti vinnuveitandi margra samfélaga hérlendis. Engin sveitarfélög á Vesturlandi (af þeim sem gögnin náðu til) fóru í aðhald af sambærilegu tagi og sums staðar var bætt í (Tafla 8). Samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar ("Atvinnuleysi - tölulegar upplýsingar," 2022) náði atvinnuleysið í Grundarfjarðarbæ í kjölfar bankahrunsins hámarki 2010 en var samt frekar hátt bæði 2009 og 2011.



Mynd 25: Meðalfjöldi starfsmanna (ársverk) hjá völdum fyrirtækjum í Grundarfjarðarbæ.

Gögn Frjáls Framtaks hf. gefin út í tímaritinu Frjáls verslun viðkomandi ár. Gögn fundust bara fyrir þau ár sem punktur stendur við.

Árið 2013 varð flutningsjöfnuðurinn neikvæðastur á tímabilinu. Hann varð svo óvenju jákvæður árið 2014 en hefur varla orðið jákvæður eftir það. Seinna samdráttarskeið skeldýravinnslu hófst árið 2013 (Mynd 24). Fiskibátum í Grundarfjarðarbæ fækkaði aftur úr 48 í 40 á milli árunna 2014 og 2015 og síðan hefur þeim fækkað hægt og bítandi. Fyrst frekar ört fram til 2016 en síðan hægar, en árið 2021 voru þeir 30. Hins vegar jókst vinnsla á bolfiski og öðrum botnfisktegundum ört frá árinu 2017. Athygli

vekur að flutningsjöfnuður hefur varla verið jákvæður síðan 2005, að árinu 2014 undanskildu, eða frá því stuttu eftir opnun framhaldsskólans, þrátt fyrir nýlega sókn í landvinnslu (Mynd 23).

Tveir atburðir mörkuðu nýverið þáttaskil í sjávarútvegi í Grundarfirði. Guðmundur Runólfsson tók nýja hátækni fiskvinnslu í notkun árið 2018 (mm, 2018, bls. 19) og FISK Seafood sjávarútvegsfyrirtækið keypti Soffanías Cecilsson hf. í Grundarfirði sem hafði þá 44 starfsmenn, þar af 19 sjómenn og 25 í vinnslu (mm, 2017, bls. 8). Þá hafði FISK rekið fiskvinnslu um árabil í Grundarfirði sem áður hét Hraðfrystihús Grundarfjarðar hf. og var lengi í eigu Sambands íslenskra samvinnufélaga. Frystihúsið vann skeldýr, aðallega hörpudisk, rækju, grjótkrabba og sæbjúga (jsb, 2014, bls. 20). Landvinnsla jókst strax 2017 en tók stökk frá árinu 2018-2020 (Mynd 23).


Að jafnaði var flutningsjöfnuður Grundarfjarðarbæjar -0,8% árin 1986-2021 og leitnin bendir til að þróunin hafi verið neikvæð þessi árin – þ.e. að flutningsjöfnuðurinn hafi verið almennt hagstæðari á fyrri hluta þess en seinni (Tafla 1). Reyndar er það svo að leitnin var hvergi eins neikvæð á Vesturlandi og í Grundarfjarðarbæ á viðkomandi tímabili og hún var bara neikvæð í Grundarfjarðarbæ og Skorradalshreppi. Önnur sveitarfélög virðast njóta jákvæðrar þróunar yfir lengri tíma sem rekja má annað hvort til nálægðar við höfuðborgarsvæðið eða ferðaþjónustu nema hvorttveggja sé. Erfitt er að átta sig á því hvað veldur þessari þróun í Grundarfjarðarbæ. Þó svo bent hafi verið á ýmsar breytingar í sjávarútvegi og aðstæðum hjá sveitarfélaginu þá duga þær ekki til að fylla út alla myndina. Athygli vekur að vöxtur ferðaþjónustu virðist ekki styðja við íbúaþróun í Grundarfjarðarbæ eins og víða annars staðar á landsbyggðinni, þrátt fyrir að ferðamönnum hafi fjölgað mikið á Snæfellsnesi undanfarin ár og að þar sé Kirkjufell að finna. Þar liggja trúlega enn vannýtt tækifæri Grundfirðinga.

4.2.7 HELGAFELLSSVEIT

Helgafellssveit tapaði flestum íbúum til Stykkishólmsbæjar þegar flutningsjöfnuður var brotinn upp eftir sveitarfélögum og útlöndum árin 1986-2016 (Mynd 26, t.v.). Annars voru þetta sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu ásamt Reykjanesbæ þegar horft var til þeirra fimm atkvæðamestu. Í þessu ljósi var því kannski mjög athyglisvert að sjá Reykjavíkurborg vera það sveitarfélag sem Helgafellssveit náði að laða til sín flesta íbúa frá. Útlönd voru miklu atkvæðaminni í Helgafellssveit en í flestum öðrum sveitarfélögum á Vesturlandi sem megin uppruni nýrra íbúa. Þetta minnir á Skorradalshrepp sem fékk enga nýja íbúa frá útlöndum á báðum tímabilum.


Athygli vekur að Stykkishólmsbær var það sveitarfélag sem fór úr því að draga sem flesta íbúa frá Helgafellssveit, árin 1986-2016, í að missa flesta til Helgafellssveitar, árin 2017-2021. Helgafellssveit og Stykkishólmsbær sameinuðust árið 2022. Lítið annað var markvert árin 2017-2021 nema hvað það var lítil hreyfing á fólki til en þó sérstaklega frá Helgafellssveit þegar upp var staðið – einkum í samanburði við Skorradalshrepp, jafn fjölmennt sveitarfélag á Vesturlandi.

Flutningsjöfnuður Helgafellssveitar, samanlagður fyrir öll sveitarfélög og útlönd, var lægstur -17,9% af íbúafjölda sveitarfélagsins árið 1991 og reyndar jafn lágur árið 1999 (Mynd 27, t.v.). Þá tapaði sveitarfélagið 17,9% af íbúum sínum vegna brottflutnings eftir að fjöldi aðfluttra hafði verið dreginn frá. Síðan hefur flutningsjöfnuðurinn þróast á hagstæðari hátt og árið 2021 var hann hagstæðastur upp á 18,2%. Leitnin bendir til þess og var hún hvergi eins há á Vesturlandi og í Helgafellssveit (0,26%) á viðkomandi tímabili (Tafla 1). Samt var vægi flutningsjafnaðar að jafnaði -0,7% árin 1986-2021.



Mynd 26: Flutningsjöfnuður Helgafellssveitar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.
Gögn Hagstofu Íslands. Hér voru valin þau fimm sveitarfélög þar sem flutningsjöfnuður var hagstæðastur og óhagstæðastur.

Ekki er ljóst hvað olli þessari jákvæðu þróun og þessum viðsnúningi en nú færast í vöxt að fólk kaupir sér orlofsíbúðir og hafa jarðir í nágrenni höfuðborgarsvæðisins verið að fara þannig á undanförmum árum. Helgafellssveit lenti hátt á þeim lista árið 2017 en það gerðu reyndar Skorradalshreppur og Eyja- og Miklaholtshreppur líka sem ekki sýndu eins jákvæða leitni flutningsjafnaðar (Vífill Karlsson, 2017, bls. 67). Þannig að eitthvað vantar upp á útskýringar þarna. Fjölgun íbúða er einnig skilyrði sem þarf að vera fyrir hendi. Í Helgafellssveit hefur fjölgunin verið miklu meiri en í hinum tveimur sveitarfélögum (Vífill Karlsson, 2020a, bls. 21 og 28) og stafar hugsanlega af því að eftirspurnin er meiri í Helgafellssveit m.t.t. verðs en í Skorradalshreppi og Eyja- og Miklaholtshreppi. En þetta eru nú bara vangaveltur sem þyrfti nánari skoðunar við.




Mynd 27: Vægi flutningsjafnaðar og hreyfanleiki íbúanna í Helgafellssveit 1986-2021.
Gögn Hagstofu Íslands. Tölurnar eru hlutfall af íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags. Gráa brotalínan til vinstri er Vesturland.

Sveiflurnar eru miklar í hlutfallslegum flutningsjöfnuði í Helgafellssveit, borið saman við þróunina á Vesturlandi (Mynd 27, t.v.), en það er einkennandi fyrir fámenn samfélög eins og Helgafellssveit. Staðalfrávik ársmeðaltalanna rennir stoðum undir það en það var hvergi hærra á Vesturlandi en í Skorradalshreppi (Tafla 1). Við sjáum líka miklar sveiflur í fjölda aðfluttra og brottfluttra sem hlutfall af heildarfjölda íbúa (Mynd 27, t.h.) eða á bilinu 0-23% í báðum tilvikum.

4.2.8 STYKKISHÓLMSBÆR


Stykkishólmsbær fékk flesta nýja íbúa frá Helgafellssveit, Dalabyggð, Eyja- og Miklahreppi, Grundarfjarðarbæ og Vesturbyggð árin 1986-2016, þegar flutningsjöfnuður var brotinn upp eftir sveitarfélögum og útlöndum (Mynd 28, t.v.). Öll nema eitt þeirra eru á Vesturlandi. Bærinn tapaði hins vegar flestum íbúum til þriggja sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og tveggja á Vesturlandi. 165 nýir íbúar með erlent ríkisfang komu til Stykkishólmsbæjar á þessu tímabili en 70 með innlent ríkisfang fluttu frá bænum beint til útlanda.



Mynd 28: Flutningsjöfnuður Stykkishólmsbæjar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.

Gögn Hagstofu Íslands. Hér voru valin þau fimm sveitarfélög þar sem flutningsjöfnuður var hagstæðastur og óhagstæðastur.

Af sveitarfélögum á Íslandi, komu flestir íbúar á seinna tímabilinu frá tveimur á Vesturlandi ásamt Vesturbyggð, Seltjarnarnesbæ og Skútustaðahreppi (Mynd 28, t.h.). 95 nýir íbúar komu erlendis frá, þar af 10 með innlent ríkisfang. Flutningsjöfnuður Stykkishólmsbæjar var óhagstæðastur á seinna tímabilinu gagnvart Árborg, Reykjavíkurborg, Helgafellssveit, Akureyrarbæ og Mosfellsbæ. Það er dreifðara um landið en á fyrra tímabilinu.




Mynd 29: Vægi heildarflutningsjafnaðar og hreyfanleiki íbúanna í Stykkishólmsbæ 1986-2021.

Gögn Hagstofu Íslands. Tölurnar eru hlutfall af íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags. Gráa brotalínan til vinstri er Vesturland.

Flutningsjöfnuður Stykkishólmsbæjar, samanlagt fyrir öll sveitarfélög og útlönd, var lægstur -6,8% af íbúafjölda sveitarfélagsins árið 2003 (Mynd 29, t.v.). Þá tapaði sveitarfélagið 6,8% af íbúum sínum vegna brottflutnings eftir að fjöldi aðfluttra hafði verið dreginn frá. Það er óvenju mikið m.v. svona fjölmennt samfélag og tengist trúlega stöðvun á veiðum hörpuskeljar við Breiðafjörð (Vífill Karlsson, 2003). Jákvæðastur var flutningsjöfnuðurinn 4,8% árið 2016 og kann að tengjast fjölgun íbúða á svipuðum tíma (Karlsson, 2020a, bls. 28) ásamt vexti ferðapjónustunnar en Stykkishólmur er vinsæll áfangastaður ferðamanna. Þá hefur sjávarútvegur verið að byggjast aftur upp eftir stöðvun veiða og vinnslu á hörpuskel (Mynd 31). Vöxturinn hefur reyndar verið svo mikill að hvergi hefur sést annað eins á Vesturlandi. Stykkishólmsbær er eina sveitarfélagið þar sem bæði hefur fjölgað fiskiskipum og landvinnsla á botnfisktegundum hefur aukist til lengri tíma. Í Snæfellsbæ hefur vinnsla á botnfisktegundum aukist á síðari hluta tímabilsins og einnig í Grundarfjarðarbæ en þar hefur fiskiskipum fækkað til lengri tíma litið (Mynd 24 og Mynd 35). Í Akraneskaupstað er hefðbundin fiskvinnsla því sem næst horfin og fiskiskipum hefur fækkað.


Meðaltal flutningsjafnaðar var neikvætt árin 1986-2021 um -0,8% og neikvæðara en að jafnaði á Vesturlandi öllu. Þróunin var þó til hins betra eins og myndin sýnir (Mynd 29, t.v.) og leitnin upp á 0,07% (Tafla 1). Leitnin bendir til að þróunin í Stykkishólmsbæ hafi verið mjög svipuð og á Vesturlandi öllu. Árið 2021 var flutningsjöfnuðurinn í Stykkishólmsbæ 0,5%.

Hlutfall aðfluttra og brottfluttra af íbúafjölda Stykkishólmsbæjar var á bilinu 10-18% á árunum 1986-1993 (Mynd 29, t.h.). Eftir það hækkaði það í 15-23% fram að bankahruni þegar það lækkaði hressilega í 11-15% fram til ársins 2012 en hefur verið hærra eftir það. Leitni þessara talna bendir til að fjöldi aðfluttra hafi heldur verið aukast allt tímabilið og fjöldi brottfluttra að dragast saman en um þetta ríkir tölfraðileg óvissa eins og fyrrnefnd lýsing bendir til og lágt R^2 , það lægsta sem mældist.



Mynd 30: Meðalfjöldi starfsmanna (ársverk) hjá völdum fyrirtækjum í Stykkishólmsbæ.

Gögn Frjáls Framtaks hf. gefin út í tímaritinu Frjáls verslun viðkomandi ár. Gögn fundust bara á þeim árum sem punktur stendur við.



Mynd 31: Landvinnsla og fjöldi báta í Stykkishólmsbæ


Gögn Hagstofu Íslands og Fiskifélags Íslands. Tölurnar yfir fjölda báta 1992-1997 komu frá Fiskifélaginu, annað frá Hagstofunni. Tölur yfir landvinnslu voru fengnar í töflu sem Hagstofan kallar afli eftir tegund vinnslu, fisktegundum á Akranesi.

Athyglisvert má þykja að fiskvinnsla í Stykkishólmsbæ nálgast það sem hefur verið í Snæfellsbæ og var orðin meiri en í Grundarfjarðarbæ þegar hún tók undir sig stökk árið 2018. Þá eru fiskiskipin í Stykkishólmsbæ tvöfalt fleiri en í Grundarfjarðarbæ og nálgast hratt þá tölu sem er í Snæfellsbæ. Sé

miðað við hafnir þá voru flest fiskiskip á landinu í Stykkishólmi árið 2021, samkvæmt tölum sem fengust á vef Hagstofu Íslands (hagstofa.is, 14. desember 2022).

4.2.9 SNÆFELLSBÆR


Snæfellsbær missti flesta íbúa til sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu árin 1986-2016 og skar Reykjavíkurborg sig sérstaklega úr öðrum, þegar flutningsjöfnuður var brotinn upp eftir sveitarfélögum og útlöndum (Mynd 32, t.v.). Akraneskaupstaður og Reykjanesbær voru einnig meðal þeirra fimm sveitarfélaga sem löðuðu hvað flesta íbúa Snæfellsbæjar frá sveitarfélaginu. Á þessu tímabili komu 393 nýir íbúar frá útlöndum með erlent ríkisfang en 108 með innlendan ríkisborgararétt fluttu frá Snæfellsbæ beint til útlanda. Þegar horft er til sveitarfélaga þá komu flestir nýir íbúar til Snæfellsbæjar frá Vopnafjarðarhreppi á Austurlandi og Norðurþingi á Norðurlandi eystra, Dalabyggð á Vesturlandi, Sví Skagaströnd á Norðurlandi vestra og Súðavíkurhreppi á Vestfjörðum og því nokkuð dreift um landið. Enginn þeirra er þó af sunnanverðu landinu.



Mynd 32: Flutningsjöfnuður Snæfellsbæjar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.

Gögn Hagstofu Íslands. Hér voru valin þau fimm sveitarfélög þar sem flutningsjöfnuður var hagstæðastur og óhagstæðastur.

Lítið hafði breyst á milli tímabila varðandi það hvert íbúar Snæfellsbæjar fluttu og hvaðan nýir íbúar komu (Mynd 32, t.h.). Það helsta var að Reykjavíkurborg var ekki eins afgerandi sem aðdráttarafl þó svo hún væri ennþá það sveitarfélag sem laðaði flesta að sér frá Snæfellsbæ. Sveitarfélagið Árborg og Borgarbyggð komu í stað Reykjanesbæjar og Akraneskaupstaðar áður, sem aðdráttarafl á ytri jaðri stórhöfuðborgarsvæðisins. Ennþá komu nýir íbúar víða að af landinu þegar horft var til fimm atkvæðamestu sveitarfélaganna að því leyti. Að vísu voru þrjú þeirra af sunnanverðu landinu (Sví Hornafjörður, Mýrdalshreppur og Grindavíkurbær) en eitt af Austurlandi (Fjarðabyggð) og annað af Vestfjörðum (Bolungarvíkurkaupstaður). Ennþá komu mjög margir frá útlöndum með erlent ríkisfang en að þessu sinni voru fleiri að koma frá útlöndum með innlent ríkisfang en þeir sem fóru.



Mynd 33: Vægi flutningsjafnaðar og hreyfanleiki íbúanna í Snæfellsbæ 1986-2021.


Gögn Hagstofu Íslands. Tölurnar eru hlutfall af íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags. Gráa brotalínan til vinstri er Vesturland.

Flutningsjöfnuður Snæfellsbæjar var lægstur -6,3% af íbúafjölda sveitarfélagsins árið 1992 (Mynd 33, t.v.). Þá tapaði sveitarfélagið 6,3% af íbúum sínum vegna brottflutnings eftir að fjöldi aðfluttra hafði verið dreginn frá. Um þetta leyti varð Hraðfrystihús Ólafsvíkur gjaldþrota⁴, sem var lengi stærsti vinnuveitandinn þar og oft talinn vera 70 manna vinnustaður og mun meira þegar best lét ("Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum," 1988; "Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum," 1989; "Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum," 1990). Samkvæmt tölum Byggingastofnunar fækkaði ársverkum í fiskvinnslu úr 252 árið 1990 í 190 árið 1993 en árið 1990 voru ársverk 1.003 í sveitarfélaginu þannig að fækkun upp á 62 ársverk námu 6,2%. Það er nánast sama tala og flutningsjöfnuðurinn 1992. Til samanburðar væri það tilsvareandi því að tæplega 7.700 manns misstu atvinnu sína á höfuðborgarsvæðinu þegar notaðar voru tölur Hagstofu Íslands (hagstofa.is, skoðuð 19.08.22) yfir fjölda starfandi á höfuðborgarsvæðinu 2021. Það samsvarar næstum öllum starfsmönnum Reykjavíkurborgar en hún hefur verið einn fjölmennasti vinnustaður landsins ("Stærstu vinnuveitendur," 2011, bls. 116). Fiskverkun dróst aftur mikið saman á milli 1993 og 1994 um rúm 4.000 tonn (Mynd 35). Við nánari rýni kom í ljós að fyrirtækin Bakki, Hrói, Fiskverkun G.T.S. og Fiskverkunin Skálavík hættu að verka fisk á þessum tíma (Fiskifélag Íslands, 1994, bls. 430-431; 1995, bls. 427) og þá var heildarflutningsjöfnuðurinn líka neikvæður þó svo hann hafi ekki verið eins neikvæður og árið 1992 (Mynd 33).

Landvinnslan dróst aftur saman 1996-1998 (Mynd 35) sem varð vegna samdráttar hjá starfandi fyrirtækjum en líka vegna lokunar Snæfelling hf. haustið 1998 og voru togarar félagsins, Már 1997 og Snæfell 1998, seldir (Mbl, 1998, bls. 21). 28 starfsmönnum var sagt upp vegna lokunar Snæfelling hf. Tíundi áratugurinn var því mikill umbrotatími í sjávarútvegi í Snæfellsbæ, og þá sérstaklega í Ólafsvík, þar sem mörg hinna stærri og rótgrónari fyrirtækja hættu rekstri eða urðu gjaldþrota. Rifja má upp að vægi sjávarútvegs hefur verið mikið í Snæfellsbæ (Vífill Karlsson, 2007) og þar var lengi að finna

⁴ Það sést m.a. á tölum ritsins Útvegs fyrir árin 1991 og 1992 þar sem H.Ó. vann rúmlega 2.800 tonn af afurðum árið 1991, mest allra fiskverkana í Ólafsvík og næst mest í Snæfellsbæ það árið en ekkert árið 1992 (Fiskifélag Íslands, 1992, bls. 377; 1993, bls. 427).

nokkrar af umsvifamestu saltfiskverkunum landsins. Árið 1991 voru 10 fyrirtæki að verka fisk í Ólafsvík en voru í síðasta ritinu Útvegi talin sjö árið 1997 og þrjú á Rifi og Hellissandi á sama tíma (Fiskifélag Íslands, 1992, bls. 377; 1998, bls. 438). Í Snæfellsbæ fækkaði því verkunum um sex alls, eða úr 16 í 10, á milli þessara ára. Það er því ánægjulegt að sjá fyrirtæki í Rifi og á Hellissandi standa betur af sér þessa ágjöf sem riðið hefur yfir sjávarútveginn frá því í byrjun níunda áratugar 20. aldar. Munar þar kannski mestu um hlut Hraðfrystihúss Hellissands að öðrum ólöstuðum (Mynd 34). Það hefur kannski orðið til þess að landvinnslan hefur heldur farið vaxandi frá 2007 þó hún hafi gefið eitthvað eftir aftur frá 2018 (Mynd 35). Frá 2003 hefur fiskiskipum fækkað í Snæfellsbæ til ársins 2021 þó svo tímabundin fjölgun hafi átt sér stað í millitíðinni.




Mynd 34: Meðalfjöldi starfsmanna (ársverk) hjá völdum fyrirtækjum í Snæfellsbæ.

Gögn Frjáls Framtaks hf. gefin út í tímaritinu Frjáls verslun viðkomandi ár. Gögn fundust bara á þeim árum sem punktur stendur við.

Annars er athyglisvert að sjá að brottfluttum fækkaði frá árinu 1998 fram að bankahruni 2008 og fjölgaði aftur í kreppunni sem fylgdi fram til 2016. Þá fækkaði þeim aftur til 2018 en hefur fjölgað síðan (Mynd 33, t.h.). Það er eins og brottfluttum fjölgi á kreppu- og samdráttarskeiðum en fækki í góðæri jafnvel þó að rekstur sveitarfélagsins virðist dafna betur í samanburði við önnur sveitarfélög á samdráttarskeiðum (Vífill Karlsson, 2020b, bls. 36-38). Það er undarleg þversögn og ekki auðvelt að útskýra.

Á tölum yfir brottflutta og aðflutta sést að þessi neikvæði flutningsjöfnuður 1992 er vegna óvenju margra sem flytja brott. Það er ólíkt því sem gerðist 2003 þegar flutningsjöfnuðurinn var -4,4% og næst verstur á tímabilinu en þá var það fjöldi aðfluttra sem fylgdi ekki fjölda brottfluttra eftir. Sambærileg frávik áttu sér stað árin 1994 og 1997 þegar flutningjöfnuðurinn var -3,7% og -4,2%. Ekki er augljóst hvers vegna flutningsjöfnuðurinn var svona óhagfelldur 2003. Annars var fjöldi brottfluttra og aðfluttra sem hlutfall af heildarfjölda íbúa á bilinu 15-25% á fyrri hluta tímabilsins en ekki nema 12-19% á tímabilinu eftir bankahrun. Segja má að hreyfanleiki íbúanna hafi því verið að dragast saman á tímabilinu, hægt og bítandi (Tafla 3 og Tafla 4).




Mynd 35: Landvinnsla og fjöldi báta í Snæfellsbæ

Gögn Hagstofu Íslands og Fiskifélags Íslands. Tölurnar yfir fjölda báta 1992-1997 komu frá Fiskifélaginu, annað frá Hagstofunni. Tölur yfir landvinnslu voru fengnar í töflu sem Hagstofan kallar afli eftir tegund vinnslu, fisktegundum á Akranesi.

Samkvæmt meðaltölum var flutningsjöfnuður Snæfellsbæjar -1,6% á tímabilinu 1986-2021 sem var með því hæsta á Vesturlandi en fór batnandi (Tafla 1). Árið 2021 var flutningsjöfnuður Snæfellsbæjar -1,3% en þá er eins og brottfluttum fjölgi umfram aðflutta eftir að hafa haldið nokkru jafnvægi fjögur undangengin ár. Samt bendir leitnin (upp á 0,06%) til að heildarflutningsjöfnuður Snæfellsbæjar hafi lagast á tímabilinu (Tafla 1).

4.2.10 DALABYGGÐ

Þrjú sveitarfélög á Vesturlandi voru í hópi þeirra fimm sveitarfélaga sem löðuðu flesta íbúa frá Dalabyggð árin 1986-2016 þegar flutningsjöfnuður Dalabyggðar var brotinn upp eftir sveitarfélögum og útlöndum (Mynd 36, t.v.). Reykjavíkurborg var þó atkvæðamest að þessu leyti og Kópavogsbær kom þar næst á eftir. Nokkuð margir með innlent ríkisfang fóru beint til útlanda frá Dalabyggð. Fleiri komu þó frá útlöndum með erlent ríkisfang en af sveitarfélögum komu flestir frá Mosfellsbæ og Rangárþingi eystra. Síðan voru Kaldrananeshreppur, Strandabyggð og Ásahreppur meðal þeirra fimm sveitarfélaga þaðan sem flestir íbúarnir komu til Dalabyggðar á þessu tímabili. Þeir þrír eiga það sammerkt að vera frekar fámennir og tengjast landbúnaði frekar sterkum böndum. Suðurland og Strandir standa þarna nokkuð út úr.




Mynd 36: Flutningsjöfnuður Dalabyggðar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.

Gögn Hagstofu Íslands. Hér voru valin þau fimm sveitarfélög þar sem flutningsjöfnuður var hagstæðastur og óhagstæðastur.

Athygli vekur að Reykjavíkurborg eða önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu voru ekki lengur í tveimur efstu sætum þeirra sveitarfélaga sem löðuðu flesta frá Dalabyggð árin 2017-2021 (Mynd 36, t.h.). Það voru Borgarbyggð, Akraneskaupstaður og Norðurþing. Reykjavíkurborg var í fjórða sæti og síðan kom sveitarfélagið Árborg. Þetta eru veruleg umskipti gagnvart Dalabyggð. Áferð útlanda breyttist lítið en þegar horft var til þeirra fimm sveitarfélaga sem sköfðu hvað flesta íbúa til Dalabyggðar þá voru þau almennt fjölmennari en á fyrra tímabilinu og voru ekkert sérstaklega áberandi tengd landbúnaði eins og þá.

Flutningsjöfnuður Dalabyggðar samanlagður fyrir öll sveitarfélög og útlönd var lægstur -6,1% af íbúafjölda sveitarfélagsins árið 2001 (Mynd 37, t.v.). Þá tapaði sveitarfélagið 6,1% af íbúum sínum vegna brottflutnings eftir að fjöldi aðfluttra hafði verið dreginn frá. Athygli vekur hvað flutningsjöfnuðurinn batnar hægt og bítandi allt tímabilið en sveitarfélagið hefur mátt horfa á íbúatölu sína helmingast frá árinu 1970 (Vífill Karlsson & Guðný Anna Vilhelmsdóttir, 2008, bls. 4). Að jafnaði var flutningsjöfnuðurinn -1,8% allt tímabilið og aðeins eitt annað sveitarfélag á Vesturlandi kom ver út, en leitnin bendir til að hann hafi samt verið lagast árin 1986-2021 (Tafla 1). Flutningsjöfnuðurinn tók undir sig stökk 2021 og fór í 8,1% og hafði þá aldrei verið hærri frá 1986 og hvergi nærri eins hár allt tímabilið. Þar virðist fara saman fjölgun aðfluttra og veruleg fækkun brottfluttra á milli ára (Mynd 37, t.h.).


Á fyrri hluta tímabilsins eða fram til 1995 var fjöldi brottfluttra alltaf verulega yfir fjölda aðfluttra eða á bilinu 10-14% á móti 8-12% en svo tók hreyfanleiki að aukast bæði vegna brottflutnings og þeirra sem fluttu að, en fram til 2005 voru brottfluttir töluvert fleiri. (Mynd 37, t.h.). Eftir það komst á meira jafnræði milli straumanna til og frá sveitarfélaginu með stöku undantekningum þar sem mynstrið féll í gamla farið. En eftir það er eins og þróunin í Dalabyggð sé líkari því sem hefur verið á Vesturlandi öllu, en ögn skrykkjóttari eins og vill vera í fámennari samfélögum (Mynd 37, t.v.).



Mynd 37: Vægi flutningsjafnaðar og hreyfanleiki íbúanna í Dalabyggð 1986-2021.

Gögn Hagstofu Íslands. Tölurnar eru hlutfall af íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags. Gráa brotalínan til vinstri er Vesturland.

Meðaltöl yfir aðflutta og brottflutta benda til að brottfluttir hafi verið fleiri á tímabilinu en þróunin er samt jákvæðari því vöxturinn er meiri í aðfluttum en brottfluttum (Tafla 3 og Tafla 4).



Mynd 38: Meðalfjöldi starfsmanna (ársverk) hjá völdum fyrirtækjum í Dalabyggð.

Gögn Frjáls Framtaks hf. gefin út í tímaritinu Frjáls verslun viðkomandi ár. Gögn fundust bara á þeim árum sem punktur stendur við.

Þegar horft er til flutningsjafnaðar er fátt sem sker sig úr. Línuritið er eins og stöðugur óróapúls allt tímabilið 1986 fram til 2009 og jafnvel 2013. Eftir það fer að verða lengra á milli sveiflna. Það er því erfitt að tengja þessar tölur við breytingar sem orðið hafa á atvinnulífinu á staðnum eins og reynt hefur verið að gera sums staðar í þessum Hagvísí. Af þeim ársverkatölum sem til eru frá Byggðastofnun yfir

Dalabyggð árin 1988-1997 sést aðallega að það fækkaði í verslun á milli árunna 1988 og 1989 um 18 stöðugildi og var það um þriðjungur starfa í verslun frá árinu áður. Þessi fækkun var 6,9% af heildarfjölda starfa í Dalabyggð. Kaupfélag Hvammsfjarðar varð gjaldþrota árið 1988. Ýmsir aðilar keyptu fyrirtæki sem kaupfélagið hafði rekið. Þar má nefna verslun, bakarí, bílaverkstæði, sláturhús og afurðastöð en í bók Eysteins Sigurðssonar (1978, bls. 51-52) var starfsemið lýst svona:


„Það rekur matvörukjörbúð, bygginga- og fóðurvörudeild, bókabúð, söluskála, varahluta- og járnvörudeild. Einnig starfrækir félagið trésmíðaverkstæði, bíla- og búvélaverkstæði og fæst við vöruflutninga. Í Búðardal er einnig nýlega byggt sláturhús í eigu kaupfélagsins, sem reist var og skipulagt í samræmi við ströngustu nútímakröfur um meðferð sláturafurða. Í samlögum við sláturhúsið rekur félagið einnig nýtt kjötfrystihús.“

Árin 1990-1993 voru erfið Dalamönnum þegar horft er til þessara talna. Þá fækkaði ársverkum um 13% á milli árunna 1990-1991 og er það að mestu leyti rakið til landbúnaðar. Ársverkum fækkaði um 11% 1991-1992 sem er að lang mestu leyti rakið til iðnaðar en einnig landbúnaðar og verslunar og aftur fækkaði um 11% 1992-1993 sem aðallega verður rakið til landbúnaðar. Ekki verður séð að flutningsjöfnuður sé áberandi óhagstæður þessi árin.

Bent skal á að Kaupfélag Hvammsfjarðar hafði margt fólk í vinnu eins og sjá má á tölum Frjálsrar verslunar sem gaf mest upp 113 starfsmenn 1987 og á sama tíma var Kaupfélag Saurbæinga með 19 starfsmenn. Kaupfélag Saurbæinga rak verslun og sláturhús að Skriðulandi í Saurbæ (Sigurðsson, 1978). Það er því ljóst að umsvif kaupfélagsins hafa verið mikil í Dölunum en sveitarfélagið taldi um 1.000 íbúa þegar kaupfélögin lentu í rekstrarvandræðum og varð ekki bjargað (Karlsson & Vilhelmsdóttir, 2008, bls. 4).


5 VIÐAUKI

5.1 AKRANESKAUPSTAÐUR




Mynd 39: Flutningsjöfnuður Akraneskaupstaðar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.
Gögn Hagstofu Íslands. Hér voru valin þau fimm sveitarfélög þar sem flutningsjöfnuður var hagstæðastur og óhagstæðastur.

5.2 SKORRADALSHREPPUR




Mynd 40: Flutningsjöfnuður Skorradalshrepps gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.
Gögn Hagstofu Íslands. Hér voru valin þau fimm sveitarfélög þar sem flutningsjöfnuður var hagstæðastur og óhagstæðastur.

5.3 HVALFJARÐARSVEIT




Mynd 41: Flutningsjöfnuður Hvalfjarðarsveitar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.
 Gögn Hagstofu Íslands. Hér voru valin þau fimm sveitarfélög þar sem flutningsjöfnuður var hagstæðastur og óhagstæðastur.

5.4 BORGARBYGGÐ




Mynd 42: Flutningsjöfnuður Borgarbyggðar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.
 Gögn Hagstofu Íslands. Hér voru valin þau fimm sveitarfélög þar sem flutningsjöfnuður var hagstæðastur og óhagstæðastur.

5.5 EYJA- OG MIKLAHOLTSHREPPUR




Mynd 43: Flutningsjöfnuður Eyja- og Miklaholtshrepps gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.
Gögn Hagstofu Íslands

5.6 GRUNDARFJARÐARBÆR




Mynd 44: Flutningsjöfnuður Grundarfjarðarbæjar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.
Gögn Hagstofu Íslands. Hér voru valin þau fimm sveitarfélög þar sem flutningsjöfnuður var hagstæðastur og óhagstæðastur.

5.7 HELGAFELLSSVEIT




Mynd 45: Flutningsjöfnuður Helgafellssveitar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.
Gögn Hagstofu Íslands. Hér voru valin þau fimm sveitarfélög þar sem flutningsjöfnuður var hagstæðastur og óhagstæðastur.

5.8 STYKKISHÓLMSBÆR




Mynd 46: Flutningsjöfnuður Stykkishólmsbæjar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.
Gögn Hagstofu Íslands. Hér voru valin þau fimm sveitarfélög þar sem flutningsjöfnuður var hagstæðastur og óhagstæðastur.

5.9 SNÆFELLSBÆR



Mynd 47: Flutningsjöfnuður Snæfellsbæjar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.
 Gögn Hagstofu Íslands. Hér voru valin þau fimm sveitarfélög þar sem flutningsjöfnuður var hagstæðastur og óhagstæðastur.

5.10 DALABYGGÐ



Mynd 48: Flutningsjöfnuður Dalabyggðar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.
 Gögn Hagstofu Íslands. Hér voru valin þau fimm sveitarfélög þar sem flutningsjöfnuður var hagstæðastur og óhagstæðastur.

HEIMILDASKRÁ

- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (1986). Frjáls Verslun.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (1987). Frjáls Verslun.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (1989). Frjáls Verslun.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (1990). Frjáls Verslun.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (1991). Frjáls Verslun.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (1992). Frjáls Verslun.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (1993). Frjáls Verslun.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (1994). Frjáls Verslun.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (1995). Frjáls Verslun.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (1996). Frjáls Verslun.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (1997). Frjáls Verslun.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (1998). Frjáls Verslun.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (1999). Frjáls Verslun.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (2000). Frjáls Verslun.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (2001). Frjáls Verslun.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (2002). Frjáls Verslun.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (2003). Frjáls Verslun.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (2004). Frjáls Verslun.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (2006). Frjáls Verslun.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (2007). Frjáls Verslun.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (2008). Frjáls Verslun.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (2009). Frjáls Verslun.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (2010). Frjáls Verslun.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (2011). Frjáls Verslun.
- . Atvinnugreinalistar: Sérlistar eftir Atvinnugreinum. (2015). Frjáls Verslun.
- . Stærstu vinnuveitendur. (2011). Frjáls Verslun.
- Akraborg. (2022). Akraborg. Sótt á: <https://akraborg.is/is/um-akraborg>
- Atvinnuleysi - tölulegar upplýsingar. (2022). Sótt á: <https://vinnumalastofnun.is/maelabord-og-tolulegar-upplýsingar/atvinnuleysi-tolulegar-upplýsingar/atvinnuleysisistolur-i-excelskjolum>
- Ágústa Elín Ingbórsdóttir. (2016). *Ársskýrsla Fjölbrotaskóla Vesturlands 2015*. Sótt á: Akranes: <https://fva.is/wp-content/uploads/2022/04/Arsskyrsla-FVA-2021-Lokaskjal-8.4.2022.pdf>
- Egill Ólafsson & Heiðar Lind Hansson. (2017). *Saga Borgarness: Bærinn við brúna* (Vol. 2). Borgarnes; Reykjavík: Borgarbyggð; Opna.
- Elkem. (2022). Saga Elkem á Íslandi. Sótt á: <https://www.elkem.is/um-elkem-island/sagan/>
- Eysteinn Sigurðsson. (1978). *Samvinnuhreyfingin á Íslandi*. Akureyri: Bókaförlag Odds Björnssonar.
- Fiskifélag Íslands. (1987). *Útvegur 1986*. Reykjavík: Fiskifélag Íslands.
- Fiskifélag Íslands. (1988). *Útvegur 1987*. Reykjavík: Fiskifélag Íslands.
- Fiskifélag Íslands. (1992). *Útvegur 1991*. Reykjavík: Fiskifélag Íslands.

- Fiskifélag Íslands. (1993). *Útvegur 1992*. Reykjavík: Fiskifélag Íslands.
- Fiskifélag Íslands. (1994). *Útvegur 1993*. Reykjavík: Fiskifélag Íslands.
- Fiskifélag Íslands. (1995). *Útvegur 1994*. Reykjavík: Fiskifélag Íslands.
- Fiskifélag Íslands. (1996). *Útvegur 1995*. Reykjavík: Fiskifélag Íslands.
- Fiskifélag Íslands. (1998). *Útvegur 1997*. Reykjavík: Fiskifélag Íslands.
- FVA. (2022). Saga skólans. Sótt á: fva.is
- gag. (2004, 22. júlí). Mikil ásókn í fyrsta framhaldsskólann. *Fréttablaðið*. Sótt á: <https://timarit.is/page/3726380?iabr=on#page/n11/mode/2up/search/+Framhaldssk%C3%B3li%20+Grundarfir%C3%B0i>
- Garðar Guðjónsson. (1994a). Atvinnumálin snúast ekki síst um sálarheill einstaklinganna. *Vinnan*, 1-32.
- Garðar Guðjónsson. (1994b). Sjóklæðagerðin á Akranesi: Stöðug fjölgun starfa. *Vinnan*, 1-32.
- Garðar Guðjónsson. (2008). *Sementsiðnaður á Íslandi í 50 ár*. Reykjavík: Verkfræðingafélag Íslands.
- Guðmundur Gíslason Hagalín. (1965). *Í fararbroddi: Ævisaga Haralds Böðvarssonar*. Reykjavík: Skuggsjá.
- Haraldur Sturlaugsson & Sigurdór Sigurdórsson. (1977). *Til fiskiveiða fóru: 70 ár á sjó og landi*. Akranesi: Prentverk Akraness hf.
- Helgi Bjarnason. (2013, 12. apríl). Viss tækifæri fyrir Skagamenn. *Morgunblaðið*. Sótt á: <https://timarit.is/page/6043780?iabr=on#page/n20/mode/2up/search/+Sementsframlei%C3%B0sla%20+h%C3%A6tt>
- HVE. (2020). Heilbrigðisstofnun Vesturlands, *Ársskýrsla 2020*. Sótt á: Akranes: <https://www.hve.is/media/1851/arsskyrsla-2020-loka.pdf>
- jsb. (2014). Kvóti settur á rækjuveiðar í haust. *Skessuhorn*. Sótt á: <https://timarit.is/page/6188002?iabr=on#page/n19/mode/2up/search/+FISK%20+Grundarfir%C3%B0i>
- Kjartan Stefánsson. (2019, 28. febrúar). Tíu stærstu í tímans rás. *Bændablaðið*. Sótt á: <https://timarit.is/page/7241857?iabr=on#page/n5/mode/2up/search/+Haraldur%20+B%C3%B6%C3%B0varsson>
- LMÍ. (2001). *Ársskýrsla 2000*, Landmælingar Íslands. Sótt á: Akranes: https://www.lmi.is/static/files/arsskyrslur/lmi_arsskyrsla_2000.pdf
- LMÍ. (2022). *Landmælingar Íslands ársskýrsla 2021*. Sótt á: Akranes: https://www.lmi.is/static/files/arsskyrslur/arsskyrsla_2021.pdf
- Mbl. (1988, 6. janúar). Beiðni um gjaldþrotaskipti Hennes. *Morgunblaðið*. Sótt á: <https://timarit.is/page/1672016?iabr=on#page/n1/mode/2up/search/+Henson%20+Akranes>
- Mbl. (1998, 8. september). Snæfell hættir rekstri rækjuverksmiðju í Ólafsvík: Viðvarandi taprekstur og slæmar horfur í veiðum. *Morgunblaðið*. Sótt á: <https://timarit.is/page/1913789#page/n20/mode/2up>
- Mitchell, C. J. A. (2004). Making sense of counterurbanization. *Journal of Rural Studies*, 20(1), 15-34.

- mm. (2017, 13. september). FISK Seafood kaupir í Grundarfirði. *Skessuhorn*. Sótt á: <https://timarit.is/page/7160325?iabr=on#page/n7/mode/2up/search/KS%20FISK%20+Grundarfir%C3%B0i>
- mm. (2018). GRun er handhafi Nýsköpunarverðlauna Vesturlands 2018. *Skessuhorn*. Sótt á: <https://timarit.is/page/7162319?iabr=on#page/n17/mode/2up/search/+Gu%C3%B0mundur%20+Run%C3%B3lfsson%20+H%C3%A1t%C3%A6knifiskvinnslu>
- Norðurál. (2022). Sótt á: <http://www.nordural.is>
- Ólafur Arnarson. (2020). Baader kaupir Skaginn 3X að fullu. *Fréttablaðið*. Sótt á: <https://www.frettabladid.is/markadurinn/baader-kaupir-skaginn-3x-ad-fullu/>
- Ólöf Garðarsdóttir, Þóroddur Bjarnason, Stefán Hrafn Jónsson & Ian Shuttleworth. (2021). Is internal migration declining in Iceland? Intensities, geographical patterns and population composition 1986–2017. *Population, Space and Place*, 27(7), e2339. doi:<https://doi.org/10.1002/psp.2339>
- Sigurður Jóhannesson & Sigurður Árnason. (2021). *Hagvöxtur landshluta 2012-2019*. Sótt á: Sauðárkrókur: https://www.byggdastofnun.is/static/files/Hagvoxtur/hagvoxtur_landshluta_2012_2019.pdf
- Sigurður Sverrisson. (1990, 21. september). Akraprjón úrskurðað gjaldþrota: Skuldir áætlaðar 50 til 60 milljónir. *DV*. Sótt á: <https://timarit.is/page/2575864?iabr=on#page/n1/mode/2up/search/+Akraprj%C3%B3n>
- SÍS. (2003). *Árbók sveitarfélaga 2007*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- SÍS. (2005). *Árbók sveitarfélaga 2007*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- SÍS. (2006). *Árbók sveitarfélaga 2007*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- SÍS. (2007). *Árbók sveitarfélaga 2007*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- SÍS. (2008). *Árbók sveitarfélaga 2007*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- SÍS. (2009). *Árbók sveitarfélaga 2007*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- SÍS. (2010). *Árbók sveitarfélaga 2007*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- SÍS. (2011). *Árbók sveitarfélaga 2007*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- SÍS. (2012). *Árbók sveitarfélaga 2007*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- SÍS. (2013). *Árbók sveitarfélaga 2007*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- SÍS. (2014). *Árbók sveitarfélaga 2007*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- SÍS. (2015). *Árbók sveitarfélaga 2007*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- SÍS. (2016). *Árbók sveitarfélaga 2007*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- SÍS. (2017). *Árbók sveitarfélaga 2007*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- SÍS. (2018). *Árbók sveitarfélaga 2007*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- SÍS. (2019). *Árbók sveitarfélaga 2012*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- SÍS. (2020). *Árbók sveitarfélaga 2012*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- SÍS. (2021). *Árbók sveitarfélaga 2012*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- SÍS. (2022). *Árbók sveitarfélaga 2012*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- Skaginn. (2018). Skarað framúr: Skaginn 3X í flokki framúrskarandi fyrirtækja 2017. *Morgunblaðið*. Sótt á:

- <https://timarit.is/page/6965604?iabr=on#page/n24/mode/2up/search/+Skaginn%20+3X>
- Steinunn Aradóttir. (2016). *Stiklað á stóru í sögu Landmælinga Íslands 1956-2016*. Sótt á: Akranes: https://www.lmi.is/static/files/saga_lmi_56_16-1.pdf
- Steinunn Inga Óttarsdóttir. (2022). *Ársskýrsla 2021: Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi*. Sótt á: Akranes: <https://fva.is/wp-content/uploads/2022/04/Arsskyrsla-FVA-2021-Lokaskjal-8.4.2022.pdf>
- Uppsagnirnar eins og köld vatnsgusa. (1999, 28. maí). *Dagur - Vesturland*. Sótt á: <https://timarit.is/page/2427388?iabr=on#page/n0/mode/2up/search/+66%C2%B0%20+h%C3%A6tta%20+Akranes>
- Vífill Karlsson. (2003). *Hörpudisksiðnaður í Stykkishólmi: Staðbundin efnahagsleg áhrif af hugsanlegri stöðvun veiða og vinnslu*. Sótt á: Borgarnes: http://ssv.is/files/Skra_0005170.pdf
- Vífill Karlsson. (2004). *Samgöngubætur og búseta: Áhrif Hvalfjarðarganga á búsetuskilyrði og búsetuþróun á Vesturlandi*. Borgarnes: Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.
- Vífill Karlsson. (2007). *Mikilvægi Þorsks á Vesturlandi: Staðbundin efnahagsleg áhrif 30% kvótaskerðingar á einstök sveitarfélög Vesturlands*. Sótt á: Borgarbyggð: https://ssv.is/wp-content/uploads/2016/09/Skra_0020859.pdf
- Vífill Karlsson. (2017). *Fjarbúar og fasteignamarkaður á landsbyggðunum: Önnur heimili og vinnumarkaður á landsbyggðunum*. Sótt á: Borgarnes: <http://ssv.is/wp-content/uploads/2017/08/Fjarb%C3%BAar-og-fasteignamark%C3%B0ur-%C3%A1-landsbygg%C3%B0unum-2.pdf>
- Vífill Karlsson. (2020a). Fasteignamarkaðurinn á Vesturlandi 2020. *Hagvísir Vesturlands*, 20(1), 1-54.
- Vífill Karlsson. (2020b). Fjármál sveitarfélaga: Atvinnuleysi og tekjur sveitarfélaga. *Hagvísir Vesturlands*, 20(2), 1-90.
- Vífill Karlsson., & Guðný Anna Vilhelmsdóttir. (2008). *Íbúakönnun á Vesturlandi: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Vesturlandi*. Sótt á: Borgarnes:
- Vífill Karlsson., & Jón Þorvaldur Heiðarsson. (2022). Fjöldi barna og fasteignaverð: Getur hátt fasteignaverð haft áhrif á fjölda barna á einstökum stöðum eða fælt barnafjölskyldur frá? Sótt á: Borgarnes:
- þg. (2022). *Undirritun viljayfirlýsingar um uppbyggingu græns iðngarðs með hringrásarhugsun*. Sótt á: https://www.grundartangi.is/is/frettir_og_atburdir/undirritun-viljayfirlýsingar-um-graenan-idngard-med-hringrasarhugsun
- Þorsteinn Friðrik Halldórsson. (2019, 17. júlí). Skaginn hagnast um 400 milljónir. *Vísir*. Sótt á: <https://www.visir.is/g/20191236120d>
- Þóroddur Bjarnason, Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Guðmundur Guðmundsson, Ólöf Garðarsdóttir, Sigríður Elín Þórðardóttir, Unnur Dís Skaptadóttir & Vífill Karlsson. (2022). *Byggðafesta og búferlaflutningar á Íslandi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.